




ÁRSSKÝRSLA SSA 2014





DAGSKRÁ AÐALFUNDAR SSA 2014

48. aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014

Fundarstaður: Vopnafjarðarskóli

Föstudagur 19. september 2014

Kl. 09:30 Skráning fulltrúa – afhending gagna

Kl. 10:00 Fundarsetning

Kosning

Kosning

Skýrsla stjórnar SSA starfsárið 2013-2014

Reikningar SSA, endurskoðuð fjárhagsáætlun

fyrir árið 2014, fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.

Skýrslur stofnana er tengjast starfi SSA.

Ársskýrsla aðalfundar 2013

Kl. 10:30 Fyrirspurnir og umræður

Kl. 10:45 Tillögur frá stjórn og aðalfundarfulltrúum

Kl. 11:45 Ávörp

A Ávarp þingmanns

B Samband íslenskra sveitarfélaga

C Umræður og fyrirspurnir

Kl. 12:30 Hádegisverður

Kl. 13:00 Fjölmíðlar á landsbyggðinni

A Magnús Geir Þórðarson

B Hrafnkell Lárusson

C Umræður og fyrirspurnir

Kl. 14:00 Byggðamál og þjónusta

A Stýrinet stjórnarráðsins og fleira

B Staða Austurbrúar í dag

C Kynning á störfum Starfsháttanefndar

D Umræður og fyrirspurnir

Kl. 15:30 Markaðssetning Egilsstaðaflugvallar

A Kynning á verkefninu

C Umræður og fyrirspurnir

Kl. 16:00 Álit kjörbrefanefndar og nefndanefndar

Kl. 16:10 Fundi frestað. Nefndarstörf – Kaffi

Kl. 18:00 Nefndarstörfum frestað

Kl. 18:15 Óvissuferð í boði Vopnafjarðarhrepps

Kl. 20:00 Hátíðarkvöldverður

Valdimar O. Hermannsson, form. stjórnar SSA

Fundarstjóra (2) og ritara (2)

Kjörbrefanefndar (3) og nefndanefndar (2)

Valdimar O. Hermannsson, form. stjórnar SSA

Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar

Má finna á heimasíðu SSA undir www.austurbru.is

Liggur frammi á fundinum

Ársskýrslu SSA fyrir 2013-2014 og fjárhagsgögnum

vísað til nefnda.

Tillögum vísað til nefnda

Halldór Halldórsson - formaður

Útvarpsstjóri

Sagnfræðingur

Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri

Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Skúli Gunnarsson, formaður nefndarinnar

María Hjálmarsdóttir, starfsmaður Austurbrúar

Dagskrá í boði heimamanna.

Meðal dagskrárliða: afhending menningarverðlauna SSA

og ávarp heiðursgests SSA 2014.

Laugardagur 20. september 2014

Kl. 09:00 Framhald nefndastarfa

Kl. 10:00 Framtíðarskipan húsnæðismála

- A Soffía Eydís Björgvinsdóttir
- B Magnús Jónsson
- C Umræður og fyrirspurnir

Formaður nefndar um framtíðarskipan húsnæðismála
Löggiltur endurskoðandi hjá KPMG

Kl. 11:20 Málefni SSA

- A Kynning á starfsemi SSA

Ólafur Áki Ragnarsson

Kl. 11:30 Afgreiðsla mála

- A Ársreikningur 2013
- B Endurskoðuð fjárhagsáætlun
- C Fjárhagsáætlun
- D Nefndarálit og tillögur
- F Kosningar samkvæmt samþykktum SSA

fyrir árið 2014
fyrir árið 2015

Kjörnefnd: Stjórn SSA, samgöngunefnd,
samstarfsnefnd, stjórn Atvinnuþróunarsjóðs,
stjórn Haust, skoðunarmenn, endurskoðunarfyrirtæki.

Héraðsskjalasafn, Minjaráð

Kl. 14:00 Áætluð fundarlok

Léttur hádegisverður í lok fundar

Kl. 14:30 Fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar SSA

Starfsnefndir á fundinum

- A Byggða- og atvinnumálanefnd
- B Mennta- og menningarmálanefnd
- C Umhverfis- og samgöngunefnd
- D Allsherjarnefnd
- E Samstarfsnefnd
- F Fjárhagsnefnd
- G Kjörnefnd

Sér m.a. um almenningssamgöngur

Ávarp Valdimars O. Hermannssonar við setningu á 48. aðalfundi SSA

Haldinn á Vopnafirði, 19. - 20. september 2014



Forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, og aðrir þingmenn NA-kjördæmis, fulltrúar ráðuneyta sem hér eru, ágætu sveitarstjórnarfulltrúar af öllu Austurlandi, aðrir góðir gestir.

Fyrir hönd stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, SSA, býð ég ykkur hjartanlega velkomin til 48. aðalfundar SSA, sem haldinn er hér á Vopnafirði, að þessu sinni dagana 19. og 20. september.

Við erum stödd hér í Vopnafjarðarskóla, á þessum fallegu haustdögum, og gestgjafi aðalfundar SSA árið 2014, er sveitarfélagið Vopnafjarðarhreppur, en aðalfundur færast árlega á milli sveitarfélaga. Dagskrá þessa aðalfundar liggur fyrir, og er í fundargögnum, en hún hefur tekið nokkrum breytingum, frá því hún var fyrst sett saman, og gestalistinn hefur einnig tekið breytingum. Við eigum von á forsætisráðherra Íslands, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, sem jafnframt er fyrsti þingmaður okkar stóra NA-kjördæmis, þá er von á heilbrigðisráðherra, Kristjáni Þór Júlíussyni, sem einnig er þingmaður kjördæmisins, en einnig var ég beðinn um að flytja fundinum sérstakar kveðjur frá innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttir, sem einnig er ráðherra sveitarstjórnarmála, en fulltrúi hennar ráðuneytis mun koma til okkar síðar í dag. Þá er einnig ánægjulegt að sjá aðra þá þingmenn okkar kjördæmis sem hér eru.

Í ljósi atburða síðustu vikna, jarðskjálfta og eldgos með tilheyrandi mengun og öðrum hættum, þá þótti stjórn SSA einnig tilhlýðilegt að fá til fundarins einn helsta sérfræðing landsins í jarðvísindum, Ármann Höskuldsson sem mun gefa okkur stutt yfirlit um stöðu þessara mála í dag. Landshlutasamtök sveitarfélaga, eins og SSA, eru til samkvæmt sveitarstjórnarlögum, og er ætlað að vera samstarfs-

vettvangur sveitarfélaga á starfsvæðum sínum, sem á Austurlandi telja 8 sveitarfélög, á um 16.000 ferkílómetra svæði, þar sem aðstæður eru ólíkar, sveitarfélögin eru misstór og hafa í sumum málum ólíka hagsmuni, þó svo að í flestum málum eigum við flest sameiginlegt í stóru sem smáu.

Nauðsynlegt er að nýta öll þau tækifæri sem gefast til þess að eiga góð og upplýsandi samskipti á milli þessara tveggja stjórnsýslustiga, þ.e. ríkisvaldsins og sveitarstjórnarstigsins, þó svo að mörg eftirfylgnin og hagsmunagæslan, ásamt samningum fyrir landshlutann, fari í auknum mæli í gegnum landshlutasamtök sveitarfélaga, (eins og SSA). Við höfum nú elft landshlutann til stærri verkefna á mörgum sviðum, m.a. sérfræði- og stoðþjónustu, með sameiningu stoðstofnana í Austurbrú ses. Það á að ríma vel við stefnuýfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar, um flutning á verkefnum og ábyrgð, ásamt tilheyrandi yfirráðum og fjármagni til landshlutanna, og styrkja þannig „hitt“ stjórnsýslustig landsins.

Persónulega, hef ég ekki talað fyrir því að við, í okkar fámenna landi, stofnum til þriðja stjórnsýslustigsins, en með auknum verkefnaflutningi til landshlutasamtaka sveitarfélaga, þarf að skilgreina betur ábyrgð og verkaskiptingu aðila, og klárlega þarf að efla landshlutasamtökin með margvíslegum hætti, en um leið að skilgreina hlutverk þeirra, og ábyrgð í samskiptum við ríkisvaldið. Þá þarf það að liggja fyrir að með auknum verkefnum og ábyrgð landshlutasamtakanna, fylgi einnig sanngjarnar greiðslur, þar sem við erum að taka við verkefnum frá, „hinu stjórnsýslustiginu“ og vinna þar með ýmsa vinnu sem áður var unnin í ráðuneytum og stofnunum ríkisins.

Í næstu viku verður einmitt Landsþing Sambands sveitarfélaga, á Akureyri,



sem haldið er á fjögurra ára fresti, þar sem verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verður einmitt m.a. til umræðu og stefnan mörkuð til næstu fjörurra ára.

Það má með nokkru sanni segja að við, sem erum kjörnir fulltrúar í sveitar- og bæjarstjórnnum landsins, séum fótgönguliðar fólksins í landinu, og með allt það góða fólk sem er í okkar stoðkerfi ásamt embættismönnum, gerum við eðlilega kröfu um það að hafa meiri áhrif á þróun mála í okkar nærsamfélagi. Við erum öll hluti af sama hagkerfinu á Íslandi, bæði í sókn og vörn, og héðan af Austurlandi kemur inn stór hluti af gjaldeyristekjum landsins, ásamt öðrum sköttum og gjöldum, og við ætlumst til þess að við fáum eðlilega hlutdeild af þjónustu hins opinbera, sem við eigum rétt á eins og aðrir landsmenn, og að tekið sé tillit til staðsetningar okkar á landinu, þ.e. að við erum lengst frá hinni sameiginlega greiddu þjónustu, sem er mest á höfuðborgarsvæðinu, hvort sem það er í menntun eða menningu, í heilbrigðisþjónustu eða löggæslu.

Þetta er eitt af þeim atriðum sem við, sem erum í forsvari fyrir landshlutasamtök, eins og SSA, erum sífellt að benda á, og nýjasta dæmið sem við höfum lagt fram, er að það kostar okkur 10 sinnum meira að sækja samráðsfundi, fylgja eftir málum, eða gæta hagsmuna okkar landshluta, en þeirra landshluta sem eru nær höfuðborgarsvæðinu, m.a. Suðurlands, Vesturlands, eða Reykjanesvæðis.

Og við krefjumst þess að það sé tekið tillit til þess, þegar reiknireglur samninga við landshlutana eru gerðar, þar sem takmörkuðu fé er dreift til ýmissa málefna til landshlutanna, svo sem í

menntun og menningu, atvinnuþróun og fleiri málefnum.

En þó svo að við búum, lengst frá höfuðborginni, „eða í langt í burtistan“ eins og einhver orðaði það þá búum við einmitt á „Austurlandi tækifæranna“ þar sem svo óendanlegir möguleikar eru til framþróunar og og eflingar landshlutans, og það er einmitt okkar, kjörinna fulltrúa, sem erum eins og fótgönguliðar fólksins sem kaus okkur til ábyrgðarstarfa, að vinna með alla möguleika svæðisins.

Þessi aðalfundur markar ákveðin tíma- mót hjá mér persónulega, þar sem ég læt nú af fimm ára stjórnarsetu í SSA, og þar af í fjögur ár sem formaður stjórnar. Það hafa verið forréttindi að fá að starfa á þessum sameiginlega vettvangi allra sveitarfélaga á Austurland, og berjast fyrir hagsmunum sem við eigum sameiginlega, og einnig koma að málum, þegar hallar á hjá einstökum sveitarfélögum.

Við erum mun sterkari ef við leggjumst á árarnar saman heldur en í sitt hverju lagi.

Ég vil þó nota tækifærið til þess að hvetja aðalfundarfulltrúa að leggja sig alla fram um að leita leiða til þess að ná samkomulagi um aðalatriðin, sem hér eru til umfjöllunar, því eins og máltækið segi að: „Aðalatriðið er að hugsa ekki of mikið um aukaatriðin“ og leita frekar sérfræðiaðstoðar við nánari útfærslur á einstaka lausnum, þar sem áherslur eru ólíkar, fremur en að láta skerast í brýnu, sem er ekki gott til afspurnar af okkar vettvangi, og getur aðeins tafið fyrir úrlausnum málanna.

Góðir aðalfundargestir.

Ég vænti þess að við eigum eftir að eiga hérna góðan aðalfund, á þessum

fallegu haustdögum. Á dagskrá eru mörg áhugaverð málefni til kynningar og umfjöllunar, m.a. ávörp frá forsætisráðherra, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni og frá Halldóri Halldórssyni, formanni Sambands sveitarfélaga. Þá munu Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri og Hrafnkell Freyr Lárusson fjalla um fjölmiðla á landsbyggðinni. Skúli Björn Gunnarsson kynnir tillögu starfsháttanefndar um endurskoðun á skipulagsskrá Austurbrúar og Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar fer yfir stöðu stofnunarinnar. Nefndarstörf hefjast að því búnu en síðan verður óvissuferð í boði Vopnafjarðarhrepps og hátíðarkvöldverður í umsjá heimamanna.


Á morgun fjalla Soffía Eydís Björgvinsdóttir og Magnús Jónsson um framtíðarskipan húsnæðismála, Ólafur Áki Ragnarsson kynnir starfsemi SSA og að því búnu tekur við afgreiðsla mála.

Léttur hádegisverður verður í fundarlok sem eru áætluð kl. 14.00.

Sjálfur þarf ég af fjölskyldulegum ástæðum að sinna öðrum ánægjulegum skyldum á morgun þar sem sonur minn og sambýliskona hans munu ganga í heilagt hjónaband, en óska ykkur alls hins besta.

Tillaga hefur borist um að Stefán Már Gunnlaugsson og Ólafur B. Valgeirsson verði skipaðir fundarstjórar og Magnús Már Þorvaldsson og Hrund Snorrardóttir verði fundarritarar aðalfundarins.

Ef ekki eru aðrar tillögur um skipanina, þá vil ég biðja þau að taka við stjórn fundarins og segi þar með þennan 48. aðalfund SSA settan.



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Fundargerð 48. aðalfundar SSA

Haldinn í Vopnafjarðarskóla á Vopnafirði dagana 19. - 20. september 2014

Föstudagur 19. september 2014

Dagskrá fundarins lá frammi og er hún þingskjal nr. 1.

1. Fundarsetning

Valdimar O. Hermannsson, formaður SSA, setti aðalfundinn kl. 10:00 og bauð fundarmenn velkomna á þennan fertugasta og áttunda aðalfund sambandsins. Bar fundinum sérstakar kveðjur Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, ráðherra sveitarstjórnarmála, sem hugðist koma til fundar en átti þess ekki kost.

Að inngangi formanns loknum gerði hann tillögu um Stefán Má Gunnlaugsson og Ólaf Björgvin Valgeirsson sem fundarstjóra og Magnús Má Þorvaldsson og Hrund Snorradóttur sem fundarritara. Samþykkt samhljóða, tóku ritara til starfa.

Fundarstjórar tóku síðan við stjórn fundarins, buðu fundarmenn velkomna til Vopnafjarðar og þökkðu auðsýnt traust og yfirföru nokkur praktísk atriði. Óskaði fundarstjóri síðan eftir að fundarmenn kynntu sig.

2. Kosningar

Fundarstjóri bar upp tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd: Arnbjörg Sveinsdóttir, Gunnlaugur Stefánsson og Eydís Ásbjörnsdóttir. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu um eftirtalda í nefndanefnd: Arnbjörg Sveinsdóttir, Gunnlaugur Stefánsson og Eydís Ásbjörnsdóttir. Samþykkt samhljóða. Þingskjal nr. 11.

Arnbjörg tók til máls og las upp nöfn aðalfundarfulltrúa skv. seturétti.

3. Skýrsla stjórnar

Valdimar O. Hermannsson fór yfir skýrslu stjórnar starfsárið 2013 – 2014. Skýrslan fylgir fundargögnum sem þingskjal nr. 2. Vísað til allsherjarnefndar.

4. Reikningar SSA

Jóna Árný Þórðardóttir kynnti reikninga SSA 2013 og endurskoðaða fjárhagsáætlun 2014, ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.

Greinargerð með ársreikningi 2013 þingskjal nr. 3

Ársreikningur SSA 2013 þingskjal nr. 4

Fjárhagsáætlun 2015 þingskjal nr. 5

Ársreikningur, greinargerð og fjárhagsáætlunum er vísað til fjárhagsnefndar. Skýrslu stjórnar er vísað til fjárhagsnefndar. Jóna Árný minnti á að skýrslur eftirtalinna stofnana hefðu nú verið lagðar fram í gögnum fundarmanna og verði þeim vísað til viðeigandi starfsnefnda á fundinum.

5. Skýrslur stofnana

Skýrslur stofnana sem tengjast SSA eru ekki lagðar fram á fundinum, en þær er að finna á heimasíðu SSA, www.ssa.is og www.austurbru.is

6. Ársskýrsla aðalfundar 2013

Ársskýrsla SSA liggur frammi á fundinum.

7. Umræður og fyrirspurnir

Fundarstjóri gaf orðið frjálst um skýrslu stjórnar, ársreikning og fjárhagsáætlun.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

8. Tillögur frá stjórn og fulltrúum til aðalfundar

8.1 Arnbjörg Sveinsdóttir mælti fyrir tillögum stjórnar til meðferðar í allsherjarnefnd. Þingskjal nr. 6

- Ályktun um náttúrupassa
- Ályktun um stjórn hreindýraveiða
- Ályktun um málefni aldraðra
- Ályktun um barnaverndarmál
- Ályktun um aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu
- Ályktun um verkaskiptingu heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlitsstofnana á vegum ríkisins
- Ályktun um heilbrigðisþjónustu
- Ályktun um samstarf sveitarfélaga á Austurlandi
- Ályktun um almannaheill vegna eldsumbrota

8.2 Jón Björn Hákonarsson mælti fyrir tillögum til stjórnar til meðferðar í mennta- og menningarmálanefnd. Þingskjal nr. 7

- Ályktun um menntamál
- Ályktun um leik-, grunn- og tónlistarskóla
- Ályktun um menntun á framhaldsskólastigi á Austurlandi
- Ályktun um háskólamenntun og rannsóknir á Austurlandi
- Ályktun um stefnu varðandi fjarnám á háskólastigi
- Ályktun um framhaldsfræðslu
- Ályktun um svæðisútvarp RÚV á Austurlandi
- Ályktun um menningarsamninga /menningarmál
- Ályktun um menningarmiðstöðvar
- Ályktun um varðveislu menningarminja

8.3 Gauti Jóhannesson mælti fyrir tillögum stjórnar til meðferðar í byggða og atvinnumálanefnd. Þingskjal nr. 8

- Ályktun um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga
- Ályktun um þjónustu ríkisstofnana
- Ályktun um embætti Sýslumannsins á Austurlandi og Lögreglustjórans á Austurlandi

- d) Ályktun um sérstakan stuðning við jaðarbyggðir á starfssvæði SSA
- e) Ályktun um fjölgun starfa á vegum ríkisins á Austurlandi
- f) Ályktun um nytjaskógrækt
- g) Ályktun um jöfnun á dreifingarkostnaði raforku
- h) Ályktun um fjárfestingarverkefni á Austurlandi
- i) Ályktun um framlag til ferðamála og upplýsingamiðstöðva
- j) Ályktun um skatta á raforkuframleiðslu
- k) Ályktun um sjávarútvegsmál
- l) Ályktun um sóknaráætlun landshluta
- m) Ályktun um flutningskerfi raforku

8.4 Þórunn Egilsdóttir mælti fyrir tillögum stjórnar til meðferðar í umhverfis- og samgöngunefnd. Þingskjal nr. 9

- a) Ályktun um refa- og minnkaveiðar
- b) Ályktun um jarðgangnagerð
- c) Ályktun um nýframkvæmdir í vegagerð
- d) Ályktun um viðhald vega
- e) Ályktun um brýr
- f) Ályktun um almenningssamgöngur
- g) Ályktun um Egilsstaðaflugvöll
- h) Ályktun um innanlandsflug
- i) Ályktun um þyrlusveit á Austurlandi
- j) Ályktun um Reykjavíkflugvöll
- k) Ályktun um hafnir
- l) Ályktun um skemmtiferðaskip – ferjur
- m) Ályktun um fjarskipti
- n) Ályktun um fráveitumál
- o) Ályktun um lífrænan úrgang
- p) Ályktun um stuðning við uppbyggingu á friðlýstum svæðum
- q) Ályktun um umhverfismál
- r) Ályktun um moltugerð
- s) Ályktun um aukna áherslu á náttúruvernd og friðlýst svæði
- t) Ályktun um eftirlit og umsjón með friðlýstum svæðum

Kaffihlé síðan tekið til kl. 11:10

Fundarstjóri tilkynnti breytingu á dagskrá þar eð til fundarhöfðu gestir ekki komist sökum þoku og tekur dagskráin mið af því, þ. m. t. fundarhlé. Þessu næst var gengið til dagskrár að nýju og bauð fundarstjóri Skúla Birni að taka til máls.

9. Austurbrú

9.1 Skúli Björn Gunnarsson, frá starfsháttanefnd Austurbrúar

Skúli Björn kynnti vinnu starfsháttanefndar Austurbrúar um endurskipulagningu á Austurbrú ses. og niðurstöðu þeirrar vinnu. Sú vinna er samkvæmt upphaflegum áætlunum. Framhaldsaðalfundur Austurbrúar verður 30. september n. k.

9.2 Jóna Árný Þórðardóttir starfandi framkvæmdastjóri Austurbrúar

Jóna Árný fjallaði um stöðu m. a. Austurbrúar í dag, hvernig vinna samkvæmt nýju skipuriti gefur aukna möguleika á samþættingu. Sú samvinna sem á sér stað milli málaflókka innan stoðkerfisins fær Austurbrú til að virka betur eins og lagt var upp með í upphafi.

9.3 Umræður og fyrirspurnir

9.3.1. Páll Björgvin kvaðst vera einn þeirra sem kom að uppbyggingu Austurbrúar, telur stofnunina vera á réttri leið en það verk er hálfnað. Kvaðst vilja þakka þá vinnu sem fram hefur farið og málið verði klárað en selja verði atvinnulífina hugmyndafræðina.

9.3.2 Jens Garðar tók undir með Páli en vill fremur sjá starfsmaður SSA standi utan Austurbrúar og vinna verði keypt af Austurbrú. Rétt eins og Páll vill Jens að tengingu verði komið á við atvinnulífið, þar séu peningarnir og hreyfiaflið. Fjármál stofnunarinnar er stóra vandamálið en atvinnulífið verður líka að sjá sér hag af vinnu Austurbrúar.

9.3.3 Valdimar fagnaði umræðunni og tók undir að tengingin við atvinnulífið væri annað stóra verkefnið á komandi miss-erum ásamt samskiptum við ríkisvaldið. Verið er að yfir alla tekjugrunna stofnunarinnar og samskipti við stofnanir ríkisins sem eiga í samskiptum við landsbyggðirnar.

9.3.4 Einar Már tók undir með fyrri ræðumönnum og segir framtíð Austurbrúar eitt stóru verkefna okkar að vinna. Brýnt að fá niðurstöðu sem fyrst í vinnu starfsháttanefndar þar sem tengingin milli SSA og Austurbrú verði betur skýrð.

9.3.5 Jóna Árný segir ákveðið rof hafa átt sér stað við atvinnulífið en lagt hefði verið í mikla vinnu við að koma þeim tengslum á að ný. Miðaði vinna starfsháttanefndar m. a. þessu og mun nefndin leggja fram tillögur hér að lútandi.

9.3.6 Björn Ingimarsson tók undir að tengslin við atvinnulífið er lyklatríði að tryggja. Fjárhagshlutann þarf að leysa og þörf að það sé gert nú þegar.

9.3.7 Jens Garðar ítrekaði að hann vill sjá skil á milli SSA og Austurbrúar þannig að starfsmaður sambandsins heyrir undir stjórn SSA.

9.3.8 Stefán Bogi lagði áherslu á að í vinnu sinni hefði starfsháttanefnd haft víðtækt samráð við starfsmenn Austurbrúar og hagsmunaaðila.

9.3.9 Elfa Hlín kvaðst sem starfsmaður Austurbrúar komið að vinnu starfsháttanefndar og segir þá vinnu hafa verið faglega.

9.3.10 Sigrún Blöndal sagði mikilvægt að ætla okkur bæði þolinmæði og tíma – reikna með að gera þurfi nokkur uppköst að handritinu en hugmyndafræðin er góð.

9.3.11 Skúli Björn svaraði fyrir starfsháttanefndarinnar þó flest væri komið fram. Sagði hafa komið skýrt fram að vilji væri að hafa starfsmann SSA inni meðal annarra starfsmanna Austurbrúar, það tryggði samlegðaráhrif með starfsmanna hluta af starfsmannateymi stofnunarinnar. Skýr rammi, samspil starfsmanns og stjórnar, samspil starfsmanns og annarra starfsmanna Austurbrúar.

Stefán Bogi tók síðan til máls og lagði til eftirfarandi dagskrár-breytingu:

Ávörp gesta strax eftir hádegisverðarhlé, Kristján Þór Júlíusson, heilbr.ráðh., Halldór Halldórsson, form. Sambandsins og Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur – kl. 13.30. Kl. 14:00 Fjölmíðlar á landsbyggðinni, kl. 15 Byggðamál og þjónusta og kl. 15:30 Markaðssetning Egilsstaðaflugvallar.

Hádegisverðarhlé milli kl. 12:30 – 13:00

10. Ávörp gesta

10.1 Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra og þingmaður Norðausturkjördæmis

Kristján Þór bar samkomunni kveðju forsætisráðherra og kvaðst ávallt hafa ánægju að þingum sem þessum. Menn geta tekist á en þegar á reynir næst yfirleitt samstaða í þeim mýmörgum málum sem við er að fást. Óskaði fundarmönnum gæfu og gengis í störfum þeirra.

10.2 Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Halldór flutti kveðju frá sambandinu og vakti athygli á þeirri alvarlegu þróun sem kosningabátttakan er en hún fór niður fyrir 65% í síðustu kosningum og er alvarlegt mál. Konur eru enn færri og staldra skemur við og eins er endurnýjunin bæði hröð og mikil eða um 55%. Fór síðan yfir sögu sambandsins og hlutverk þess. Sveitarfélögin eru stærri vinnuveitandi en ríkið og hafa sveitarfélögin lagst í mikla vinnu við að bæta fjárhagslega stöðu sína en lífeyrisskuldbindingarnar eru sveitarfélögunum íþyngjandi.

10.3 Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur, eldfjallavá.

Skautaði Ármann í gegnum sögu eldgosa á þessu svæði og gerði grein fyrir hvers kann að vera að vænta en svæðið er ákaflega virkt. Vatnaöldin árið 871 er viðmið fyrir búsetu á landinu en lítið hefur fundist af mannvistarleyfum fyrir þann tíma. Lagði hann áherslu á, þrátt fyrir að gosið í Holuhrauni væri ca. ½ þess sem það var, að taka mengunarviðvaranir alvarlega. Sagði allar líkur á að flóð færi niður Jökulsá á Fjöllum m. v. jarðhræringar þó ekki sé vitað hversu stórt það verður.

10.4 Umræður og fyrirspurnir

10.4.1 Spurt var hvað gerðist færi á versta veg.

10.4.2 Ármann: Stórt skot sem tæki skjótt af, 1-2 sólarhringa er ruddi brúm, vegum og rafstrengjum burt. Öskufallið þessu fylgjandi væri verkefni í 2 ár jafnvel. Fleiri fyrirspurnir bárust hér að lútandi þar sem kom fram að flóð í Bárðarbungu þýddi hamfaraflóð þar sem jökulsáin 30-40 faldar vatnsmagn sitt.

10.4.3 Valdimar O. Hermannson þakkaði ávörp og umræður.

11. Fjölmíðlar á landsbyggðinni

11.1 Magnús Geir Þórðarson, Útvarpsstjóri

Magnús Geir fjallaði um RÚV, um stöðu þess í samfélaginu, þjónustu þess á landsbyggðinni og þær áherslur sem hann og stjórn hefðu. Á sl. árum hefði starfsmönnum verið fækkað um 37%. Vilji til að efla starfsemina á landsbyggðunum, barnaefni og íslenskt – og endursýna menningar- og frétttaefni. Ekki eðlilegt hlutfall á milli Reykjavíkur og landsbyggðar – fyrsta skrefið

til að leiðrétta þessa stöðu var ráðning nýs svæðisstjóra á Akureyri. 4-5 stöðugildi munum bætast við á landsbyggðinni auk fréttaritara sem víðast.

11.2 Hrafnkell Lárusson, sagnfræðingur

Hrafnkell fjallaði um fjölmiðla á landsbyggðinni og áhrif fjölmiðlaumfjöllunar á stjórnmalapátttöku og byggði á sjálfstæðri rannsókn hans á staðbundnum fjölmiðlum. Mikil fækkun starfa hjá svæðisbundnum fjölmiðlum á Austurlandi og eru áhrifin mest af niðurfellingu starfsstöðvar RUV.

11.3 Umræður og fyrirspurnir

11.3.1 Stefán Bogi kvaddi sér hljóðs og gerði að umtalsefni mikilvægi þess að styrkur RUV sé eftir sem áður til staðar ásamt sterkum einkareknum fjölmiðlum. Hver er framtíðarsýn RUV, hvert á formið að vera? Sveitarstjórnarmenn ganga að svæðisbundnum miðlum sem gefnum og rétta þeim ekki hjálparhönd.

11.3.2 Jens Garðar byrjaði á að þakka því frábæra starfi N4 fyrir fjórðunginn með Glettunum og kosningasjónvarpi m. a. Austurglugginn og Dagskráin eru svæðismiðlarnir, þ. m. t. en þáttur RUV þykir honum heldur neikvæður. Fréttamatið er bjagað.

11.3.3 Einar Már þakkaði góðan málflutning frummælanda en lagði svo til að ein svæðisstöð yrði í Reykjavík og svæðisfréttir kæmu þaðan rétt sem annars staðar.

11.3.4 Steingrímur J. Þakkaði góða umfjöllun og bar upp þá fyrirspurn hvort fréttamenn svæðismiðla geti unnið fyrir RUV? Verður dagskrárgerð á landsbyggðinni eflad?

11.3.5 Björg Björnsdóttir kveðst þekkja sem starfsmaður Austurbrúar sem annast fjölmiðlatengsl hversu erfitt það getur verið að koma efni á framfæri. Efni frá RUV á Austurlandi er valið syðra og hið neikvæða er fremur valið en hitt.

11.3.6 Stefán Bogi kom RUV til varnar og segir Rúnar Snæ standa sig frábærlega vel og sagði starfsmenn Austurfréttar reiðubúnir til samstarfs við RUV.

11.3.7 Gísli Sigurgeirsson þakkaði hlý orð í sinn garð og N4. Sagði hann N4 hafa sent 130 klukkustunda efni frá Austurlandi á sl. 2 árum, meira en nokkur önnur stöð á Íslandi. Því fylgdi mikill kostnaður að leggja svæðisstöðvarnar af því dýrt húsnæði var yfirgefið. Lagði til að Austfirðingar sameinuðust um einn sameiginlegan miðil, sem ynni efni fyrir alla aðra.

11.3.8 Hrafnkell tók til máls og kvað málið varðar frétttaflutning innan og utan svæðis. Samvinna milli miðla er til staðar og hefur verið. Fréttir af svæðinu þurfa að hafa víða skírskotun til að ná utan svæðis en svo er alltaf spurningin um viðhorf.

11.3.9 Magnús Geir þakkaði samræðuna alla. Líklega væru allir sammála um að þörf er á að gera betur. Hugmyndin er að auka dagskrárgerð í takt við aukinn frétttaflutning. Ekki er viðhöfð afskipti af fréttamati en deilir því sjónarmiði að fréttir eru á tíðum neikvæðar. Fjárhagsstaðan er slæm, 350 m. kr. tap á sl. ári og skuldar 6 þús. m. kr. og hefur áhrif á alla starf-

semina. Allar eignir RUV snúast um innihald, fjárfesta í fólki, framleiðslu etc. ekki húsnæði. Samstarf við svæðismiðlun er vel þekkt og verður skoðað.

Bárður Jónasson

Breiðdalshreppur
Gunnlaugur Stefánsson
1

3

12. Byggðamál og Markaðssetning Egilsstaðaflugvallar

12.1. Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri Innanríkisráðuneytisins

Hermann bar fundinum góðar kveðjur Hönnu Birnu, sem ekki átt kost á að koma. Fjallaði Hermann um vinnu Stýrinets stjórnarráðsins um samræmingu verkefna milli ráðuneyta og samskipti við landshlutasamtökin. Vék að Sóknaráætluninni og taldi hana jákvætt dæmi um samstarf milli ríkis og sveitarfélaga.

12.2. María Hjálmarasdóttir, verkefnastjóri hjá Austurbrú

María kynnti verkefni sem snertir allan fjórðunginn, markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar. Greiningarvinna hefur tekið bróðurpart tímans, sem María hefur unnið ásamt stýrihópi. Markaðssetning svæðisins en skortur er á markvissri stefnumörkun og framtíðarsýn.

12.3. Fyrirspurnir og umræða

Fyrirspurn og umræður ekki leyfðar sökum tímaskorts

13. Álit kjör- og kjörbréfanefndar

Formaður, Arnbjörg Sveinsdóttir, kjör- og kjörbréfanefndar, nafn, kynnti niðurstöðu nefndarinnar.

Þingskjal nr. 11

Kjörnir fulltrúar eru sem hér greinir:

Fulltrúar sveitarfélaganna með seturétt á 48. aðalfundi SSA:

Fjarðabyggð

Jón Björn Hákonarson
Eiður Ragnarsson
Pálína Margeirsdóttir
Hulda Sigrún Guðmundsdóttir
Jens Garðar Helgason
Valdimar O. Hermannsson
Kristín Gestsdóttir
Dýrunn Pála Skaftadóttir
Ragnar Sigurðsson
Elvar Jónsson
Eydís Ásbjörnsdóttir
Helga Guðrún Jónsdóttir
Einar Már Sigurðarson
Páll Björgvin Guðmundsson
Sævar Guðjónsson

15

Fljótshreppur

Lárus Heiðarsson

1

Seyðisfjarðarkaupstaður

Elfa Hlín Pétursdóttir

Svava Lárusdóttir

Vilhjálmur Jónsson

3

Djúpavogshreppur

Andrés Skúlason
Sóley Dögg Birgisdóttir
2
Borgarfjarðarhreppur
Jakob Sigurðsson
1
Fljótshérað
Gunnar Jónsson
Sigrún Harðardóttir
Gunnhildur Ingvarsdóttir
Páll Sigvaldason
Stefán Bogi Sveinsson

Anna Alexandersdóttir
Guðmundur S. Kröyer

Árni Kristinsson

Sigrún Blöndal

Björn Ingimarsson

Guðlaugur Sæbjörnsson

11

Vopnafjarðarhreppur

Eyjólfur Sigurðsson

Stefán Grímur Rafnsson

14. Álit nefndanefndar

Eydís Ásbjörnsdóttir formaður nefndanefndar lagði fram tillögu nefndarinnar þingskjal nr. 12.

Byggða- og atvinnumálanefnd

A formaður Páll Baldursson
B Guðmundur Kröyer
C Lárus Heiðarsson
D Gauti Jóhannesson
E Stefán Grímur Rafnsson
F Dýrunn Skaftadóttir
G Eiður Ragnarsson
H Ragnar Sigurðsson
J Svava Lárusdóttir
I Sævar Guðjónsson

Mennta- og menningarmálanefnd

A formaður Stefán Bogi Sveinsson
B Björn Ingimarsson
C Þórður Mar Þorsteinsson
D Elfa Hlín Pétursdóttir
E Sóley Dögg Birgisdóttir
F Pálína Margeirsdóttir
G Jens Garðar Helgason
H Jón Björn Hákonarson
I Kristín Gestsdóttir
J Jón Þórðarson

Umhverfis- og samgöngunefnd

A formaður Einar Már Sigurðarson
B Gunnar Jónsson
C Eyrún Arnardóttir
D Anna Alexandersdóttir
E Andrés Skúlason
F Eyjólfur Sigurðsson
G Gunnlaugur Stefánsson
H Páll Björgvin Guðmundsson
I Helga Guðrún Jónsdóttir
J Vilhjálmur Jónsson
K Jakob Sigurðsson

Allsherjar- og samstarfsnefnd

A formaður Sigrún Blöndal
B Ragnhildur Rós Indriðadóttir
C Arnbjörg Sveinsdóttir
D Elvar Jónsson
E Valdimar O. Hermannsson
F Bárður Jónasson
G Eydís Ásbjörnsdóttir
H Hulda Sigrún Guðmundsdóttir
I Unnur Björgvinsdóttir
J Þórunn Óladóttir

(Laganefnd)

Fjárhagsnefnd

A formaður Guðlaugur Sæbjörnsson

B Jón Þórðarson

C Unnur Björgvinsdóttir

Kjörnefnd

A formaður Vilhjálmur Jónsson

B Páll Baldursson

C Eyrún Arnardóttir

Nefndarnefnd/kjörbréf

A formaður Arnbjörg Sveinsdóttir

B Gunnlaugur Stefánsson

C Eydís Ásbjörnsdóttir

Fundi frestað fram til kl. 10:00 laugardaginn 20. september n.k.

Fundi fram haldið 20. september kl. 09:00 með nefndarstörfum.

Dagskrá framhaldið kl. 10:10.

15. Framtíðarskipan húsnæðismála

15.1 Soffía Eydís Björgvinsdóttir, formaður nefndar um framtíðarskipan húsnæðismála.

Soffía gerði grein fyrir vinnu þess hóps sem skipaður var til að vinna að framtíðarskipan húsnæðismála en skv. Erindisbréfi hópsins var verkefnið víðtækt. Leitað var tilboða til sérfræðinga um sviðsmyndagreiningu og voru skýrslur þeirra tveggja sem skiluðu af sér samhljóma. Húsnæðissamvinnufélag er rekstrarform sem þykir henta.

15.2. Magnús Jónsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG

Magnús gerði grein fyrir aðkomu KPMG að verkefninu um framtíðarskipan húsnæðismála. Kvað sömu lausn engan veginn henta öllum sveitarfélögum. Víða á landsbyggðinni er byggingarkostnaður hærrí en markaðsverð og er letjandi faktor. Vilji sveitarfélaga að hafa áhrif á lagasetningu húsnæðismála er rétti tíminn núna.

15.3. Umræður og fyrirspurnir

Enginn kvaddi sér hljóðs.

16. Málefni SSA

16.1 Ólafur Áki Ragnarsson, fyrrum starfsmaður SSA

Ólafur Áki kynnti starfsemi SSA, sem stofnað voru árið 1966 en 2012 tók Austurbrú yfir daglegum rekstri sambandsins. Fór yfir meginmarkmið SSA og kvað framangreind mál Soffíu og Magnúsar einmitt vera dæmi um verkefni sem sambandið á að taka fyrir.

16.2 Umræður og fyrirspurnir

Enginn kvaddi sér hljóðs

17. Afgreiðsla mála

Tillaga stjórnar til meðferðar í fjárhagsnefnd – þingskjal nr. 13

Jón Þórðarson hópstjóri. Með Jóni í nefndinni Guðlaugur Sæbjörnsson og Unnur Björgvinsdóttir. Gerði Guðlaugur grein fyrir vinnu nefndarinnar.

Til nefndarinnar var vísað ársreikningi SSA fyrir árið 2013, fjárhagsáætlun SSA fyrir 2015 og endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir 2014.

Á fund nefndarinnar mættu einnig Ólafur Áki Ragnarsson og Jóna Árný Þórðardóttir.

17.1. Ársreikningur 2013

Nefndin fór yfir reikninginn með þeim skýringum sem honum fylgdu. Samkvæmt honum var rekstrarafkoma af reglulegri starfsemi 11,1 millj. kr. en áætlað var 1,5 millj. kr. Meginskýringin á frávikum frá áætlun felst í verkefninu almenningsamgöngur og stöðu þess um áramót. Heildartekjur námu 113 millj. kr., rekstrarkostnaður nam 99,5 millj. kr., fjármagnsliðir 0,5 millj. kr. og hækkun lífeyrisskuldbindingar 2,8 millj. kr. Hækkun á handbæru fé frá rekstri nam 20,3 millj. og er í árslok 30,6 millj. kr.

Nefndin leggur til að skerpt verði enn frekar á verkferlum varðandi meðferð fjármuna sambandsins.

Fjárhagsnefnd leggur til að ársreikningurinn verði samþykktur.

17.2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2014

Fjárhagsnefnd fór yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun 2014. Helstu frávik felast í lækkun tekna og gjalda vegna sóknaráætlunar.

Fjárhagsnefnd leggur til að endurskoðuð áætlun 2014 verði samþykkt.

17.3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 – þingskjal nr. 5

Fjárhagsnefnd fór yfir fjárhagsáætlun 2015 og vill nefndin benda á að árgjöld sveitarfélaga hækka óverulega milli áranna 2014 og 2015. Í ljósi afkomu 2013 og endurskoðaðar áætlunar 2014 þá þykir ekki ástæða til að framlögin hækki frekar á þessari stundu. Heildartekjur skv. áætlun nema 61,7 millj. kr., launakostnaður 15,7 millj. kr., funda- og ferðakostnaður 8,5 millj. og annar stjórnunarkostnaður 8,3 millj. kr.

Fjárhagsnefnd leggur til að fjárhagsáætlun 2015 verði samþykkt eins og hún liggur fyrir.

Laun og árgjöld 2015.

Skv. framlögðu þingskjali nr. 14 nema árgjöld sveitarfélaganna 10.031.280 kr. fyrir árið 2015 samanborið við 9.800.001 árið 2014

Launamál stjórnar SSA, þingskjal nr. 15.

Þingskjal nr. 13 var borið undir atkvæði í heild sinni og samþykkt samhljóða.

17.4. Nefndarálit og tillögur

17.5 Tillaga stjórnar til meðferðar í Allsherjarnefnd – þingskjal nr. 16

Sigrún Blöndal flutti framsögu

Gjaldtaka af ferðamönnum

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19 og 20. september 2014 telur óspillta náttúru landsins fágæta auðlind. Verndun hennar og sjálfbær nýting eitt brýnasta verkefni samtímans. SSA skorar því á stjórnvöld að koma á gjaldtökukerfi fyrir ferðamenn í samráði við hagsmunaaðila. Fjármunum sem með þessu skapast verði veitt áfram til sveitarfélaganna vítt og breitt um landið til að standa straum af skipulagsvinnu í tengslum við ferðamannastaði og jafnframt uppbyggingu slíkra staða og innviða samfélaganna. Með þessu er hægt að mæta því mikla álagi sem komið er á mörgum vinsælum ferðamannastöðum og gera þá þannig úr garði að ekki hljóti af spjöll vegna ágangs.

Breytingartillaga (AS):

Verndun hennar og sjálfbær nýting er eitt brýnasta verkefni samtímans.

Stjórn hreindýraveiða

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 hvetur ráðherra umhverfismála og alþingismenn til að beita sér fyrir því að umsjón með stjórn hreindýraveiða eflist enn frekar á Austurlandi. Hreindýr eru auðlind sem fyrirfinnst aðeins á Austurlandi og því telur fundurinn eðlilegt að umsýsla og stjórnun sé staðsett í fjórðungnum. Mikilvægt er að meira fé fái til rannsókna á vegum Náttúrustofu Austurlands og þannig sé lagður traustari grunnur að stjórnun hreindýraveiða.

Málefni aldraðra

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 skorar á stjórnvöld og Samband íslenskra sveitarfélaga að undirbúa vel viðræður sín á milli um að sveitarfélögin taki yfir málefni aldraðra. Eftir að sveitarfélögin tóku yfir málefni fatlaðs fólks er eðlilegt að nærþjónusta aldraðra í heimabyggð fari yfir til sveitarfélaganna enda fylgi flutningnum eðlilegir tekjustofnar frá ríkisvaldinu. Málefni aldraðra verða sífellt umfangsmeiri í framtíðinni, öldruðum fer fjölgandi og er umsjón þess málaflokks best komin í höndum sveitarfélaganna. Hér er um mikilvæga nærþjónustu að ræða, mikil skörun er í núverandi þjónustu og mikilvægt að þjónustan sé á einni hendi. Grundvallaratriði er að nægt fjármagn fylgi verkefninu frá ríki til sveitarfélaga og kröfur um þjónustu séu kostnaðarmetnar fyrirfram.

Barnaverndarmál

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 skorar á stjórnvöld og Samband íslenskra sveitarfélaga að tryggja fjármagn og stuðning við bætt úrræði í barnaverndarmálum á Austurlandi. MST (fjölkerfameðferð), er eitt helsta

úrræði fyrir fjölskyldur barna á aldrinum 12 – 18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda og kæmi ella til vistunar utan heimilis. Úrræðið hefur verið í boði á höfuðborgarsvæðinu um tíma. Fundurinn leggur áherslu á að sveitarfélög á Austurlandi fái greiðan aðgang að meðferðarúrræðinu MST. Fundurinn telur mikilvægt að sveitarfélög á landsbyggðinni standi saman í þeirri barráttu að fá þessa þjónustu fyrir ungt fólk í nærsamfélagi þeirra. Hugað verði að því í framtíðinni þegar kemur að innleiðingu nýrra úrræða að þau nýtist öllum þeim börnum og fjölskyldum sem á þurfa að halda, óháð búsetu.

Aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 skorar á heilbrigðisyfirvöld að setja skýra stefnu og tryggja gott aðgengi að úrræðum í geðheilbrigðismálum í samstarfi við þá félagsþjónustu sem sveitarfélögin veita. Brýnt er að bæta aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu en hvorki er til staðar göngudeild geðdeildar né eru fastir starfandi geðlæknar á Austurlandi. Á þetta jafnt við í málefnum barna og fullorðinna.

Greinargerð: Viðfangsefni sem varða geðfatlað fólk eru að aukast innan félagsþjónustu. Þegar grunnþjónusta sveitarfélagsins dugar ekki til er mikilvægt að kerfin vinni saman að lausnum og úrræðum hvort heldur er búsetuúrræði, eftirfylgd meðferðar eða viðeigandi stuðningur í heimabyggð. Aðkoma margra ólíkra kerfa gerir það að verkum að aðstandendur eru gjarnan illa áttaðir á hvert skuli sækja þjónustu og hver sé ábyrgur fyrir veitingu þjónustunnar. Samfellu skortir því í vinnu með fólk sem á við andleg veikindi að stríða og sér í lagi þegar fíknivandi bætist við. Ef einstaklingar þurfa á sérhæfðri geðlæknisþjónustu að halda, sem kallar á innlög. er afar mikilvægt þegar kemur að útskrift að heilbrigðiskerfið kanni til hlítar hvaða úrræði eru aðengileg innan sveitarfélags og hvort það sé raunhæfur kostur að útskrifa sjúklinga nema það liggji fyrir.

Verkaskipting heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlitsstofnana á vegum ríkisins

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 skorar á ríkisvaldið að marka þá stefnu að Umhverfisstofnun og Matvælastofnun verði breytt í stjórnsýslustofnanir og dregið úr eftirlitshlutverki þeirra. Heilbrigðiseftirliti verði falið sem mest af eftirlitsverkefnum á grunni reglugerða og leiðbeininga. Heilbrigðisfulltrúar eru sérfræðingar í eftirliti og geta sinnt eftirlitsverkefnum úr nærumhverfi sínu á hagkvæman hátt. Umhverfisstofnun og Matvælastofnun verði gefið rými til að sinna samræmingarhlutverki, samskiptum við systurstofnanir í öðrum löndum og vinnu fyrir ráðuneytin, m.a. endurskoðun reglugerða sem er orðið afar brýnt verkefni.

Heilbrigðisþjónusta

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 skorar á yfirvöld velferðar- og fjármála, Alþingi og ríkisstjórn Íslands, að standa vörð um þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í fjórðungnum og bætt verði úr þar sem þjónusta er ekki lengur viðunandi.

Treysta verður rekstrargrunn hennar eftir langvarandi niðurskurð og hagræðingu.

Sýnt hefur verið fram á að flutningur heilbrigðisþjónustu úr fjórðungnum eykur kostnað allra skattgreiðenda. Heilbrigðisþjónusta í nærumhverfi er einn mikilvægasti grunnþáttur í þjónustu við íbúa, ekki síst á jaðarsvæðum, þar sem samgöngur eru erfiðar og því verða stjórnvöld að taka tillit til þeirra staðhátta sem einkenna Austurland þegar framlög til heilbrigðismála eru ákveðin. Fundurinn varar sérstaklega við því að skert verði sú bráða, sérfræði- og fæðingþjónusta, sem nú er veitt í fjórðungnum. Íbúar alls Austurlands eiga skýlausan rétt samkvæmt núgildandi lögum, á ásættanlegu aðgengi að heilbrigðisþjónustu eins og aðrir landsmenn.

Breytingartillaga JBH:

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 skorar á yfirvöld velferðar- og fjármála, Alþingi og ríkisstjórn Íslands, að standa vörð um þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í fjórðungnum og bætt verði úr þar sem þjónusta er ekki lengur viðunandi.

Treysta verður rekstrargrunn hennar eftir langvarandi niðurskurð og hagræðingu.

Samstarf sveitarfélaga á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 fagnar þeim árangri sem náðst hefur í samstarfi sveitarfélaga á Austurlandi. Má þar nefna samstarf um félagsþjónustu, málefni fatlaðs fólks, rekstur skólaskrifstofu, brunavarnir og síðast en ekki síst Austurbrú. Mikilvægt er að sveitarfélögin haldi áfram að leita leiða til að auka samstarf á ýmsum sviðum, íbúum fjórðungsins til hagsbóta.

Almannaheill vegna eldsumbrota

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 leggur á það áherslu að þegar í stað verði hafist handa við gerð viðbragðsáætlunar ef til eldgoss í Bárðarbungu kemur. Íbúar á Austurlandi hafa á undanförunum vikum orðið greinilega varir við áhrif þess þegar eldsumbrot verða í nærliggjandi umhverfi. Það er hins vegar alveg ljóst að ef til eldgoss í Bárðarbungu kæmi gætu áhrif þess á landshlutann orðið gríðarlega alvarleg. Má t.a.m. nefna mögulegan vatnsskort í mörgum byggðakjörnum á Austurlandi þar sem íbúar reiða sig á opið vatnsból, mögulega röskun á rafmagnsveitu og fjarskiptasambandi, umtalsverða flóðahættu, að ekki sé minnst á öskufall.

Það er brýnt öryggismál og varðar almannaheill á Austurlandi að slík viðbragðsáætlun liggja fyrir. Þá verða stjórnvöld verða að tryggja fjármagn til rannsókna og vöktunar á meðan þetta ástand varir.

Fundurinn beinir því til stjórnar SSA að unnin verði sameiginleg viðbragðsáætlun fyrir Austurland allt og að sú vinna fari í gang sem allra fyrst. Mikilvægt er að nýta þá þekkingu sem fyrir er í fjórðunginum í þessa vinnu.

Breytingartillaga frá ER:

Fundurinn beinir því til stjórnar SSA að unnin verði sameigin-

leg viðbragðsáætlun fyrir Austurland allt og að sú vinna fari í gang sem allra fyrst. Mikilvægt er að nýta þá þekkingu sem fyrir er í fjórðunginum í þessa vinnu.

Ályktun um embætti Sýslumannsins á Austurlandi og Lögreglustjórans á Austurlandi

Aðalfundur SSA í Vopnafirði 19. og 20. september skorar á dómsmálaráðherra að sjá til þess að umdæmismörk lögregluembættisins á Austurlandi verði um Skeiðarársand, eins og kynnt var í drögum að reglugerð.

Aðalfundurinn skorar á stjórnvöld að standa við fyrirheit um að efla hin nýju sýslumanns- og lögreglustjóraembætti með flutningi verkefna sem munar um og nýjum störfum eins og boðað var í kynningu innanríkisráðuneytisins á nýjum embættum sýslumanna og lögreglustjóra.

Tillaga um samgöngunefnd og samstarfsnefnd SSA

Allsherjarnefnd leggur til að samstarfsnefnd starfi ekki milli aðalfunda. Stjórn verði falin verkefni nefndarinnar.

Breytingartillaga EMS:

Allsherjarnefnd leggur til að samstarfsnefnd starfi ekki milli aðalfunda. Stjórn verði falin verkefni nefndarinnar.

Til máls tóku:

Einar Már Sigurðarson kom með skriflega breytingartillögu

Jens Garðar Helgason

Andrés Skúlason kom með skriflega breytingartillögu:

Arnbjörg Sveinsdóttir

Jón Björn Hákonarson, kom með breytingartillögu

Gunnar Jónsson

Eiður Ragnarsson kom skriflega með breytingartillögu

Þingskjal nr. 16 var borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

Fram kom tillaga kjörbréfanefndar um að Sigríður Elva Konráðsdóttir fái samþykkt fundarins sem fulltrúi fyrir Vopnafjarðarhrepp vegna forfalla Bárðar Jónassonar. Samþykkt samhljóða.

18.1 Tillaga mennta- og menningarmálanefndar – Þingskjal nr. 19

Jón Björn Hákonarson flutti framsögu

Menntamál

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 leggur áherslu á að fjölbreytt og góð menntun standi nemandum til boða á öllum skólástigum á Austurlandi. Mikilvægt er að gæði og metnaður séu höfð að leiðarljósi í öllu skólastarfi og að sveitarfélögin móti sér sameiginlega sýn í málaflokknum. Aðalfundurinn skorar á mennta- og menningarmálaráðuneytið að hefja vinnu við aðgerðaáætlun í menntamálum í framhaldi af útgáfu Hvítbókar ráðherra og tryggja að sveitarfélögin fái aðkomu að þeirri vinnu enda ljóst að ýmissa breytinga er að vænta í málaflokknum sem munu snerta sveitarfélögin verulega.

Leik-, grunn- og tónlistarskólar

Aðalfundur SSA á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 áréttar að gott starf í leik- og grunnskólum er lykilatriði til að samfélög geti þrífist og dafnað. Mikilvægt er að samstaða og stuðningur sé í samfélaginu um það. Aðalfundur SSA hvetur starfsmenn og stjórnendur leik- og grunnskóla í fjórðungnum til aukins faglegs samstarfs með það fyrir augum að efla skólastarf. Sömuleiðis hvetur aðalfundurinn til þess að tónlistarskólar auki samstarf sitt því þannig má styrkja fjölbreytt námsframboð og að nemendur fái kennslu samkvæmt námsskrá.

Menntun á framhaldsskólastigi

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 hvetur stjórnvöld til að stuðla að bættri aðstöðu til framhaldsskólánáms á Austurlandi. Mikilvægt er að austfirskum ungmennum bjóðist fjölbreytt nám sem stenst samanburð við það besta sem gerist. Þá er ekki síður mikilvægt að á Austurlandi sé boðið upp á nám sem tengist þeim fjölbreyttu möguleikum sem svæðið býður upp á til framtíðar. Fundurinn hvetur til aukins samstarfs milli framhaldsskóla á Austurlandi og milli framhaldsskóla og framhaldsfræðslu með það að markmiði meðal annars að auka námsframboð.

Háskólamenntun og rannsóknir

Aðalfundur SSA á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 vekur athygli á að í skýrslu Þórodds Bjarnasonar og Jóns Þorvaldar Heiðarssonar, „Skatttekjur og ríkisútgjöld í Norðausturkjördæmi“, kemur fram að verulega hallar á Austurland í háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum ríkisins eða sem nemur um 500 milljónum króna. Afleiðing þessa er að a.m.k. 50 ársverk í þessum geira eru unnin annars staðar á landinu á kostnað Austfirðinga. Skorað er á stjórnvöld að auka hlut Austurlands í háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum hins opinbera með því að fjölga opinberum rannsóknatengdum störfum á svæðinu.

Fjarnám á háskólastigi

Aðalfundur SSA á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 skorar á háskólastigið að móta sér skýrari stefnu varðandi fjarnám og fjölga þeim námsleiðum sem í boði eru í fjarnámi. Nemendur nýta sér í síauknum mæli möguleika til að stunda fjarnám í heimabyggð og aðalfundurinn skorar því á ríkisvaldið að veita auknum fjármunum í aðstöðu og stuðning fyrir þessa nemendur heima í héraði til að auðvelda þeim að sækja sér nám við skóla hér á landi og erlendis.

Framhaldsfræðsla

Aðalfundur SSA á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 skorar á stjórnvöld að auka möguleika fólks á vinnumarkaði til að sækja sér endurmenntun heima í héraði. Nauðsynlegt er að þær stofnanir sem til staðar eru í landshlutanum séu nýttar og styrktar til eflingar þessa skólastigs.

Menningarmál

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 leggur á það áherslu að samfella haldist milli uppbyggingar menningarmála á Austurlandi og vinnu við sóknarættlun landshlutans. Fyrir liggur að vinnu við sóknarættlanir mun ekki ljúka fyrr en komið verður fram á árið 2015 og því leggur aðalfundur SSA til að gerður verði menningarsamningur til eins árs

að þessu sinni en leggur jafnframt þunga áherslu á að sem fyrst verði gerður menningarsamningur sem gildir til nokkurra ára.

Aðalfundur SSA telur mikilvægt að það faglega starf sem byggt hefur verið upp með menningarsamningi Austurlands verði viðhaldið. Þannig verði áfram gert ráð fyrir starfi menningarfulltrúa innan Austurbrúar, nýtt menningarráð skipað til að vinna úr umsóknum og mikilvægt er að fagráðuneyti menningarmála standi áfram að baki menningarsamningi með eftirfylgni og fagþekkingu.

Fundurinn hvetur stjórn SSA til að beita sér af afli í viðræðum um gerð menningarsamnings sem þjónar hagsmunum Austurlands og tryggir fast fjármagn til menningarmála á svæðinu til framtíðar. Mikilvægt er að slaka ekki á kröfum varðandi reikni-reglu um skiptingu fjármagns sem tekur tillit til fjarlægðar frá sameiginlegum menningarstofnunum og landfræðilegra aðstæðna innan svæðis. Þá leggur aðalfundurinn áherslu á að í samningum við ríkið og Austurbrú verði tryggt að kostnaði við umsýslu og úthlutun menningarstyrkja verði haldið í lágmarki svo að sem mestu fjármagni megi úthluta til þess listafólks og skipuleggjenda sem halda uppi öflugum menningarstarfi í fjórðungnum.

Menningarmiðstöðvar

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 ítrekar mikilvægi þess að fjármagni verði áfram veitt til menningarmiðstöðva á starfsvæði SSA. Undanfarin ár hefur hlutfallslega dregið úr framlagi ríkisins til miðstöðvanna á sama tíma og sveitarfélögin hafa aukið sinn hlut. Menningarmiðstöðvarnar eru lykilstofnanir í austfirsku menningarlífi og nauðsynlegt er að ríkið viðurkenni sérstöðu þeirra og mikilvægi með auknu fjárframlagi.

Varðveisla menningarminja

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 hvetur ríki og sveitarfélög til þess að hugað sé meira að menningarverðmætum í héraði og reynt að tryggja sem best að mikilvægum menningarminjum verði ekki raskað. Menningartengd ferðaþjónusta er mjög vaxandi í fjórðungnum og er varðveisla menningarminja, svo sem endurgerð og vernd gamalla húsa, mjög þýðingarmikill þáttur í uppbyggingu þessarar vaxandi atvinnugreinar.

Svæðisútlit RÚV á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 skorar á RÚV ohf. að koma aftur á svæðisútliti á Austurlandi. Styrkja þarf bæði fréttapjónustu og dagskrárgerð í fjórðungnum svo tryggja megi sem best þáttagerð af svæðinu og síðast en ekki síst vandaðan fréttaflutning.

Til máls tók:

Jens Garðar Helgason

Þingskjal nr. 19 síðan samþykkt samhljóða

19.1 Tillaga stjórnar til meðferðar í byggða- og atvinnumálanefnd – þingskjal nr. 18

Páll Baldursson flutti framsögu

Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 er fylgjandi auknum flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga eða landshlutasamtaka þeirra. Flytja má verkefni sem betur eiga heima í nærumhverfi sveitarstjórnarstígsins, en þess er þó krafist að íþyngjandi skilyrðum af hálfu ríkisvaldsins á hendur sveitarfélögum verði stillt í hóf og að þeim fylgi ávallt vandað kostnaðarmat og viðunandi tekjustofnar.

Þjónusta ríkisstofnana

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 leggur áherslu á að stjórnvöld nýti betur þann mannauð og aðstöðu sem til staðar er í fjórðungnum í stað þess að senda starfsmenn með ænum tilkostnaði frá höfuðstöðvum stofnana á höfuðborgarsvæðinu. Staðbundnar stofnanir eins og sýslumannsembætti og heilbrigðiseftirlit, svo dæmi séu tekin, eru vel til þess fallnar að sinna verkefnum við tollgæslu, matvælaeftirlit og fleira sem nú er verið að senda fólk landshluta á milli til að sinna.

Ályktun um embætti Sýslumannsins á Austurlandi og Lögreglustjórans á Austurlandi

Aðalfundur SSA á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 fagnar ákvörðun innanríkisráðherra um staðsetningu aðalstöðva embættis Sýslumannsins á Austurlandi á Seyðisfirði og Lögreglustjórans á Austurlandi á Eskifirði.

Aðalfundurinn skorar á stjórnvöld að standa við fyrirheit um að efla hin nýju embætti með raunverulegum flutningi verkefna og nýjum störfum eins og boðað var í kynningu innanríkisráðuneytisins á nýjum embættum sýslumanna og lögreglustjóra.

Aðalfundurinn minnir á hversu víðfemt svæði fellur undir umdæmi embættanna. Langar vegalengdir eru á milli starfstöðva og yfir fjallvegi að fara. Gera þarf ráð fyrir auknum rekstrarkostnaði sem því fylgir. Þá minnir aðalfundurinn á að aukin útgjöld hafa lagst á embættin vegna eldgossins í Holuhrauni.

Sérstakur stuðningur við jaðarbyggðir á starfssvæði SSA

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 beinir því til stjórnvalda að tryggja framtíðar grunnþjónustu við íbúa hinna dreifðu byggða á svæðinu. Jafnframt standi SSA sameinað að baki þeim svæðum sem lengst þurfa að sækja þjónustu og haldi áfram að berjast fyrir bættum samgöngum inn á miðsvæðið. Auk bættra samganga er afar mikilvægt að fjarskiptum og kerfum vegna netnotkunar verði komið í það horf að íbúar hinna dreifðu byggða búi við jafna aðstöðu á við aðra landsmenn. Jafnframt er ljóst að ákveðnar byggðir eiga við meiri erfiðleika að etja en aðrar og því þarf að gera úttekt og móta tillögur um hvernig mæta megi viðvarandi vanda þeirra sem fylgt verði eftir með markvissri aðgerðaáætlun og fjármagni.

Fjölgun starfa á vegum ríkisins á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 leggur áherslu á að eitt af meginverkefnum SSA og Austurbrúar á næstu árum verði í samræmi við byggðaáætlun og stefnu stjórnvalda að færa fleiri opinber störf til Austurlands í samstarfi við ríkisvaldið. Fyrsti hluti verkefnisins, og þá um leið markmið komandi starfsárs, sé að a.m.k. 30 störf komi inn í fjórðunginn og þeim verði fundinn staður sem víðast í fjórðungnum. Mikilvægt er í þessu samhengi að nýta þær breytingar í ríkisrekstri sem framundan eru til þess að ná þessu markmiði

og þá um leið hagkvæmari lausn fyrir hið opinbera. Aðalfundur fagnar þeim flutningi sem fyrirhugaður er af opinberum störfum og hvetur til frekari vinnu í þeim efnunum. Þá verði af hálfu Austurbrúar staðið við upphaflega áætlun um starfsstöðvar í landshlutanum. Af hálfu stofnunarinnar verði lögð fram tíma-sett áætlun um framkvæmd.

Nytjaskógrækt

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 skorar á Alþingi að svæðisbundnum skógræktarverkefnum verði tryggðir nægir fjármunir til áframhaldandi uppbyggingar, þannig að unnt verði að sinna betur því mikilvæga verkefni að styðja við og þróa aðferðir við viðarnytjar og að tryggja stöðugleika atvinnugreinarinnar til lengri tíma. Á Austurlandi eru að vaxa upp stór svæði klædd nytjaskógi sem munu í framtíðinni geta skapað mikil verðmæti. Auka þarf fjármuni til rannsóknna á úrvinnslu úr viðarnytjum með það að markmiði að úrvinnslustöð rísi sem fyrst á Austurlandi.

Jöfnun á dreifingarkostnaði raforku

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 skorar á Alþingi að jafna að fullu dreifingarkostnað raforku til almennra nota í dreifbýli og þéttbýli. Það er óásættanlegt að íbúum á dreifbýlli svæðum sé gert að greiða hærra verð fyrir grunnþjónustu eins og raforku, einkum þegar horft er til þess að víða háttar svo til að auðlindir sem nýttar eru til raforkuframleiðslu er einmitt að finna á eða í nágrenni við þau dreifbýlu svæði.

Fjárfestingaverkefni á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 hvetur stjórnvöld til þess að ráðast í umfangsmikil fjárfestingaverkefni á Austurlandi. Slík fjárfesting er til þess fallin að varðveita þá þekkingu og reynslu sem býr hjá verktökum á Austurlandi og efla þennan mikilvæga geira til að takast á við framtíðarverkefni.

Uppbygging á grunnstöðum ferðaþjónustu

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 hvetur stjórnvöld til að auka stuðning við uppbyggingu ferðaþjónustu og grunnstöðum hennar. Mikilvægt er að markvisst verði unnið að því að dreifa auknum fjölda ferðamanna um landið allt. Liður í þeirri viðleitni er að markaðssetja Egilsstaðaflugvöll sem nýja gátt inn í landið. Með því móti er sú grunnfjárfesting í innviðum sem til staðar er á Austurlandi nýtt betur þjóðinni til heilla.

Rekstur upplýsingamiðstöðva

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 telur að upplýsingamiðstöðvar séu afar mikilvægur þáttur í að fjölga áfangastöðum ferðamanna, vísa þeim leið og tryggja góða umgengni um landið. Því skorar aðalfundur SSA á stjórnvöld að auka fjármagn til upplýsingamiðstöðva á Austurlandi þannig að þeir fjármunir dugi til að þjónusta ferðamenn og auka öryggi þeirra allt árið.

Skattar á raforkuframleiðslu

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 telur að leggja eigi áherslu á að breyta skattkerfi orkuvinnslu í þá veru sem gerist í Noregi, en þar njóta sveitarfélög á áhrifsvæðum virkjana beinna tekna af mannvirkjum og framleiðslu á raforku. Fundurinn telur að slík breyting sé nauðsynlegur liður í því að hámarka þjóðararð af nýtingu náttúruauðlinda. Mikilvægt er að tryggja að þeir sem búa við áhrif af virkjunum hafi af þeim tekjur.

Sjávarútvegsmál

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 gerir þá kröfu til stjórnvalda að þau tryggi að ákvarðanir um stjórn og fyrirkomulag fiskveiða séu undirbúnar og teknar í fullu samráði við fulltrúa sjávarbyggða og hagsmunaaðila í greininni. Fundurinn skorar jafnhliða á stjórnvöld að móta ábyrgja byggðastefnu svo hægt verði að skapa varanlega framtíðarsýn og sátt um grunnatvinnuvegi og auðlindanýtingu sem er forsenda byggðar í landinu.

Breytingartillaga (JGH):

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 gerir þá kröfu til stjórnvalda að þau tryggi að ákvarðanir um stjórn og fyrirkomulag fiskveiða séu undirbúnar og teknar í fullu samráði við fulltrúa sjávarbyggða og hagsmunaaðila í greininni.

Sóknaráætlun landshluta

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 skorar á stjórnvöld að fylgja eftir því starfi sem unnið hefur verið að undir merkjum sóknaráætlana landshluta með framtíðarsýn að leiðarljósi sem sveitarfélögin geta byggt stefnumörkun sína á. Jafnframt að stjórnvöld tryggi fjármagn til að fylgja áætlunum eftir og mæta kostnaði landshlutasamtakanna við vinnslu og framkvæmd verkefna.

Flutningskerfi raforku

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 krefst þess að stjórnvöld styrki flutningskerfi raforku sem ekki hefur staðið að fullu undir hlutverki sínu. Undanfarin ár hefur óstöðugleiki háð starfsemi fyrirtækja á Austurlandi sem reiða sig á raforku við starfsemi sína.

Áfangastaður Austurlands

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014, fagnar því frumkvæði sem Ferðamálasamtök Austurlands, FAUST, hafa tekið í málefnum Austurlands sem áfangastaðar í samstarfi við Daniel Byström.

Aðalfundurinn hvetur aðildarsveitarfélög til að greiða götu verkefnisins eftir bestu getu við öflun upplýsinga og talnagagna. Þá beinir aðalfundurinn því til stjórnar SSA, að niðurstöður verkefnisins verði ræddar á vettvangi hennar og mat lagt á gildi þeirra fyrir sveitarfélögin í heild. Nýtist niðurstöðurnar að mati stjórnar til áframhaldandi uppbyggingarstarfs í þágu áfangastaðarins verði Austurbrú falið að gera tillögur um tilhögun þess og kostnaðarhlutdeild hvers sveitarfélags.

Ný ályktun (JGH/GJ)

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 ítrekar fyrri ályktun sína um að skipta NA-kjördæmi upp í tvö kjördæmi, þ.e. starfsvæði Eyþings og SSA. Samþykkt.

Til máls tóku:

Jens Garðar Helgason kom með breytingartillögu

Eiður Ragnarsson

Pingskjal nr. 18 borið upp til samþykktar fyrir utan breytingartillögur, samþykkt samhljóða.

JGH: Breytingartillaga um sjávarútvegsmál samþykkt með áorðnum breytingum með þorra atkvæða.

JGH/GJ: Skipting NA-kjördæmi, samþykkt með 13 atkvæðum, 7 á móti

20.1 Tillaga Samgöngu- og umhverfisnefndar – þingskjal nr. 17

Einar Már Sigurðarson flutti framsögu og lagði til að breytingar verði gerðar á 2. og 6. gr. í erindsbréfi samgöngunefndar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Þær verði svohljóðandi:

2. gr. Samgöngunefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi og einum til vara. Gætt skal að jöfnu kynjahlutfalli við skipan nefndar. Miða skal við að einn fulltrúi í nefndinni eigi jafnframt sæti í stjórn SSA. Nefndin skiptir með sér verkum, kys sér formann og varaformann úr röðum aðalmanna í upphafi starfsárs.

6. gr. Fulltrúi sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú ses. starfar með samgöngunefnd. Formaður boðar til fundar og felur fulltrúa sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú að undirbúa þá. Fulltrúinn situr fundi nefndarinnar, hefur þar málfrelsi og tillögurétt og ritar jafnframt fundargerðir.

Breytingartillögurnar síðan bornar upp, samþykktar samhljóða.

Samgöngumál – flug

Egilsstaðaflugvöllur

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 lýsir yfir vilja til að taka þátt í þeirri nauðsynlegu stefnumörkun sem þarf að eiga sér stað í íslenski ferðaþjónustu. Fjölgun ferðamanna og álag á ferðamannastaði á sunnanverðu landinu sem og á Keflavíkurflugvöll hefur náð þolmörkum og því brýnt að leita lausna til framtíðar. Fundurinn bendir á Egilsstaðaflugvöll sem augljósa aðra fluggátt inn í landið og rökréttan hluta af þeirri heildarlausn sem nauðsynleg er í málefnum ferðaþjónustu á Íslandi. Mikilvægt er að búa flugvöllinn, sem er varaflugvöllur Keflavíkurflugvallar, þannig úr garði að hann uppfylli kröfur um þjónustustig vegna aukinnar umferðar. Brýnt er að ríkið tryggi nauðsynlegt fjármagn til þessara framkvæmda, þá sérstaklega flughlaða og um leið að ríkið móti sér framtíðarstefnu um Egilsstaðaflugvöll sem millilandaflugvöll. Áfram verði unnið að markaðsetningu Egilsstaðaflugvallar á þeim grunni sem kynntur var á fundinum.

Breytingartillaga (JGH):

Brýnt er að ríkið tryggji nauðsynlegt fjármagn til þessara framkvæmda, þá sérstaklega flughlaða og um leið að ríkið móti sér framtíðarstefnu um Egilsstaðaflugvöll sem millilandaflugvöll.

Þyrilusveit á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 leggur áherslu á að unnið verði að því að aðstaða og hluti útgerðar þyrilusveitar Landhelgisgæslunnar verði á Egilsstaðaflugvelli. Einnig verði tryggt að Egilsstaðaflugvöllur verði byggður upp sem flugmiðstöð vegna starfsemi sem tengd er hugsanlegri olíuleit á Drekasvæðinu.

Innanlandsflug

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 leggur áherslu á mikilvægi innanlandsflugs og að það verði skilgreint sem almenningsamgöngur og jafnsett öðrum slíkum. Áfram er lögð áhersla á áætlunarflug til Vopnafjarðar með tengiflugi við Akureyri og mikilvægt er að veita nægjanlegu fjármagni til viðhaldsframkvæmda á Vopnafjarðarflugvelli. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að Norðfjarðarflugvöllur verði lagður bundnu slitlagi þannig að hann megi þjóna sjúkraflugi sem best.

Reykjavíkurflugvöllur

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 áréttar fyrri ályktanir um mikilvægi þess að staðsetning Reykjavíkurflugvallar haldist óbreytt. Ætli Reykjavík að standa undir nafni sem höfuðborg alls landsins er mikilvægt að ráðamenn geri sér grein fyrir þeirri staðreynd að stór hluti landsmanna þarf að sækja nauðsynlega þjónustu til höfuðborgarinnar með flugsamgöngum. Samgöngunefnd skorar á hlutaðeignuð flugrekstraraðila og ríkisstjórn að beita sér fyrir því að óhófleg verðlagning á innanlandsflugi verði endurskoðuð.

Einnig hvetur fundurinn samgönguguyfirvöld til þess að huga að uppbyggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll til að tryggja samþættingu allra samgangna innanlands.

Breytingartillaga (ER):

Einnig hvetur fundurinn samgönguguyfirvöld til þess að huga að uppbyggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll til að tryggja samþættingu allra samganga innanlands.

Samgöngumál – jarðgöng og vegagerð

Jarðgangnagerð

a) Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði dagana 19 og 20. september 2014 fagnar gerð jarðganga milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar en leggur um leið þunga áherslu á að næsta forgangsmál í jarðgangagerð hér á landi verði Seyðisfjarðgöng undir Fjarðarheiði. Í ljósi aðstæðna íbúa á Seyðisfirði í vegamálum að vetrinum er brýnt að ljúka rannsóknum á Fjarðarheiði hið fyrsta.

b) Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði dagana 19 og 20. september 2014 leggur áherslu á að brýnt sé að nægt fjármagn verði lagt í rannsóknir á gangnakostum til tengingar miðsvæðis Austurlands (Samgöng). Lögð er áhersla á að jarð-

gangagerð verði fjármögðuð með sérstökum hætti þannig að aðrar mikilvægar framkvæmdir í samgöngumálum fjórðungsins dragist ekki sökum fjárskorts. Hafnar verði rannsóknir og frekari undirbúningur á næstu göngum þar á eftir; á milli Vopnafjarðar og Fljótshéraðs, Borgarfjarðar og Fljótshéraðs, undir Berufjarðarskarð og undir Lónsheiði.

Breytingartillaga (EHP):

Felld verði út síðasta setning í b-lið; Hafnar verði...undir Lónsheiði.

Fellt.

Nýframkvæmdir

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 leggur þunga áherslu á að uppbyggingu heilsársvegar um Öxi verði flýtt frá núverandi áætlun enda um forgangsverkefni að ræða. Jafnframt er ítrekuð ályktun frá síðasta aðalfundi um að Vegagerðin framkvæmi faglegt mat á legu þjóðvegur nr. 1 um Austurland. Óskað er eftir því að niðurstöður matsins verði kynntar innan samgöngunefndar SSA hið fyrsta. Samkvæmt samgönguáætlun á að ljúka á næsta ári lagningu slitlags í botni Berufjarðar og Skriðdals. Fundurinn treystir því að við það verði staðið. Þá er brýnt að lokið verði lagningu slitlags og endurbyggingu eftirtalinna vega; um Breiðdal, Suðurfjarðarveg, Borgarfjarðarveg, Upphéraðsveg um Fell og efri Jökuldal og veginn um Jökulsárhlið.

Viðhald vega

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. September 2014 skorar á Alþingi að veita mun meira fjármagni til viðhalds vega og vetrarþjónustu í fjórðungnum. Sérstök áhersla er lögð á vetrarþjónustu á vegum svo tryggja megi sem best öryggi allra íbúa á svæðinu við fjórðungssjúkrahúsið og við Egilsstaðaflugvöll.

Brýr

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. September 2014 leggur til að Lagarfljótsbrú við Egilsstaði verði endurnýjuð og hún verði sett í forgang framkvæmda við brúargerð á landinu. Nauðsynlegt er jafnframt að ráðast í átak til að fækka einbreiðum brúm í fjórðungnum.

Samgöngumál - almenningsamgöngur

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 telur að ef það lagaumhverfi sem almenningsamgöngur búa við í dag verður ekki breytt þannig að lagalegt umboð til aksturs sé skýrt, er ekki réttlætanlegt að landshlutasamtök sveitarfélaga komi að slíkum rekstri.

Samgöngumál – hafnir og hafnsækin þjónustu

Hafnir

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 leggur áherslu á að haldið verði áfram að styrkja hafnarframkvæmdir í samræmi við hljóðan 24. gr. hafnarlaga og að við endurskoðun þeirra verði tekið tillit til mikilvægi þess að auk nýframkvæmda taki þau til meiriháttar viðhalds hafna.

Skemmtiferðaskip - ferjur

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014

telur mikilvægt að sveitarfélög í landshlutanum vinni saman og hafi samráð um markaðsetningu og móttöku skemmtiferðaskipa. Ferju- og skemmtiferðaskipahöfnin á Seyðisfirði hefur sérstöðu í hópi slíkra hafna á Austurlandi. Áframhaldandi sterk markaðssetning hennar og annarra áfangastaða landshlutans ætti að fjölga komum skemmtiferðaskipa og þannig styrkja áfangastaðinn Austurland.

Samgöngumál – fjarskipti

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 leggur áherslu á það sanngirnismál að allir íbúar landsins hvort sem þeir búa í þéttbýli eða dreifbýli eigi kost á háhraðatengingu sem stenst nútímakröfur. Nauðsynlegt er að halda áfram uppbyggingu á 4G sambandi um land allt og þá sérstaklega á þjóðvegum landsins.

Umhverfismál

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 hvetur til þess að umhverfismálum verði gert hærra undir höfði í landshlutanum en verið hefur og bæði SSA og Austurbrú láti sig þennan stóra og mikilvæga málaflökk varða, t.a.m. með því helga honum sérstakan lið á dagskrá næsta aðalfundar.

Fráveitumál

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 hvetur aðildarsveitarfélög SSA og HAUST til að vinna markvisst að úrbótum í fráveitumálum, einu mikilvægasta umhverfismáli sveitarfélaganna. Jafnframt er skorað á ríkisvaldið að koma aftur á sambærilegum styrkjum sem fráveitunefnd veitti til ársins 2008.

Lífrænn úrgangur

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 leggur til að hafin verði vinna við að leita sameiginlegra lausna varðandi lífrænan úrgang sem fellur til á starfssvæðinu. Markmiðið er að draga úr kostnaði og um leið reyna að hámarka nýtingu þess úrgangs sem fellur til frá heimilum og fyrirtækjum, s.s. til moltugerðar.

Refa- og minkaveiðar

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 skorar á ríkisvaldið að leggja aukið fjármagn til sveitarfélaga vegna nauðsynlegra refa- og minkaveiða. Kostnaður vegna veiðanna leggst mjög misþungt á sveitarfélög og oft fellur mikill kostnaður á fámenn en landstór sveitarfélög. Fundurinn telur endurgreiðslur á virðisaukaskatti til sveitarfélaganna vegna veiðanna verði að koma til framkvæmda eigi síðar en um komandi áramót.

Uppbygging á friðlýstum svæðum og aukin áhersla á náttúruvernd og ábyrga umgengni

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 áréttar að umsjón og eftirlit með friðlýstum svæðum er best fyrirkomið heima í héraði. Fundurinn hvetur sveitarfélög til að skoða hvort friðlýsa eigi svæði sem til þess eru fallin. Samhliða friðlýsingu er mikilvægt að vinna verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir slík svæði svo þau séu í stakk búin til að taka við auknum ferðamannastraumi og ágangi. SSA hvetur jafnframt ríkisvaldið til að leggja til mun meiri fjármuni til uppbyggingar á friðlýstum svæðum, þannig að sveitarfélög sjái sér í ríkara mæli hag í því að taka að sér umsjá og rekstur slíkra svæða.

Breytingar verði gerðar á 2. og 6. gr. í erindsbréfi samgöngu-

nefndar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Þær verði svo hljóðandi:

2. gr. Samgöngunefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi og einum til vara. Gætt skal að jöfnu kynjahlutfalli við skipan nefndar. Miða skal við að einn fulltrúi í nefndinni eigi jafnframt sæti í stjórn SSA. Nefndin skiptir með sér verkum, kys sér formann og varaformann úr röðum aðalmanna í upphafi starfsárs.

6. gr. Fulltrúi sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú ses. starfar með samgöngunefnd. Formaður boðar til fundar og felur fulltrúa sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú að undirbúa þá. Fulltrúinn situr fundi nefndarinnar, hefur þar málfrelsi og tillögurétt og ritar jafnframt fundargerðir.

Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku:

Jens Garðar Helgason kom með skriflega breytingartillögu:

Eiður Ragnarsson kom með skriflega breytingartillögu:

Páll Björgvin Guðmundsson

Elfa Hlín Pétursdóttir kom með skriflega breytingartillögu:

Einar Már Sigurðarson

Ályktanir samgöngunefndar bornar upp aðrar en breytingar, samþykkt samhljóða.

JGH: Breytingartillaga um Egilsstaðaflugvöll borin upp með áorðnum breytingum og hún samþykkt samhljóða.

ER: Breytingartillaga um Reykjavíkflugvöll með áorðnum breytingum samþykkt samhljóða.

EHP: Breytingartillaga um jarðgangnagerð, felld með þorra atkvæða

Guðlaugur Sæbjörnsson kvaddi sér hljóðs að nýju vegna Atvinnuþróunarsjóð Austurlands, og fjárhagsnefnd var gert að vinna, kom með tillögu að árgjaldi 839 kr./íbúa á árinu 2015. Samþykkt samhljóða.

21. Kosningar samkvæmt samþykktum SSA

Formaður kjörnefndar Vilhjálmur Jónsson flutti framsögu. Þingskjal nr. 20

21.1.1 Kjörnefnd

Vilhjálmur Jónsson flutti framsögu

21.1.2 Stjórn SSA – 7 fulltrúar og 7 til vara:

Af norðursvæði

Gunnar Jónsson, Fljótshéraði – Jakob Sigurðson, Borgarfjarðarhreppi – Sigrún Blöndal, Fljótshéraði – Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Fljótshéraði – Arnbjörg Sveinsdóttir, Seyðisfjarðarkaupstað – Margrét Guðjónsdóttir, Seyðisfjarðarkaupstað – Stefán Grímur Rafnsson, Vopnafjarðarhreppi Eyjólfur Sigurðsson, Vopnafjarðarhreppi

Af suðursvæði

Hákon Hansson, Breiðdalshreppi – Svandís Ingólfssdóttir, Breiðdalshreppi – Gauti Jóhannesson, Djúpvogshreppi – Sóley Dögg Birgisdóttir, Djúpvogshreppi – Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð – Eydís Ásbjörnsdóttir, Fjarðabyggð.

Samþykkt samhljóða.

21.1.3 Samgöngunefnd

Lagt er til að stjórn SSA verði falið að tilnefna fulltrúa sveitarfélaga í samgöngunefnd.

21.1.4 Stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands

Sigríður Elva Konráðsdóttir, Vopnafjarðarhreppi – 1 ár

Stefán Bogi Sveinsson, Fljótsdalshérað – 2 ár

Jens Garðar Helgason, Fjarðabyggð – 3 ár

Sóley Dögg Birgisdóttir, Djúpavogshreppi – 4 ár

Helgar Erla Erlendsdóttir, Borgarfjarðarhreppi – flakkari

Samþykkt samhljóða.

21.1.5 Stjórn HAUST – 5 + 2 fulltrúar og 5 + 2 fulltrúar til vara

Af norðursvæði

Lilja Kristjánsdóttir, Vopnafjarðarhreppi – Árni Kristinsson, Fljótsdalshéraði - Vilhjálmur Jónsson, Seyðisfjarðarkaupstað – Þórhallur Harðarson, Fljótsdalshéraði

Af miðsvæði

Eiður Ragnarsson, Fjarðabyggð – Elvar Jónsson, Fjarðabyggð

Af suðursvæði

Andrés Skúlason, Djúpavogshreppi – Lovísa Rósa Bjarnadóttir, Hornafirði – Gunnhildur Imsland, Hornafirði – Þórhildur Ásta Magnúsdóttir, Hornafirði

Fulltrúi náttúrverndarnefnda

Kristín Ágústsdóttir, Fjarðabyggð – Helga Hrönn Melsteð, Breiðdalshreppi

Fulltrúi samtaka atvinnurekenda

Benedikt Jóhannsson, Fjarðabyggð – Auður Anna Ingólfssdóttir, Fljótsdalshéraði

21.1.6 Skoðunarmenn – 2 skoðunarmenn og 2 til vara

Þórunn Hálfánardóttir, Fljótsdalshéraði – Gunnlaugur Guðjónsson, Fljótsdalshéraði – Ólafía Stefánsdóttir, Seyðisfirði – Ómar Bogason, Seyðisfirði

Samþykkt samhljóða.

21.1.7 Endurskoðunarfyrtæki Deloitte

21.1.8 Héraðsskjalsafn Austfirðinga

Fyrir Fljótsdalshérað, Fljótsdalshrepp og Borgarfjarðarhrepp

Þórður Mar Þorsteinsson, Fljótsdalshéraði og Ragnhildur Rós Indriáadóttir, Fljótsdalshéraði

Fyrir Fjarðabyggð

Björn Hafþór Guðmundsson, Fjarðabyggð og Elvar Jónsson, Fjarðabyggð

Fyrir Djúpavogshrepp, Breiðdalshrepp, Seyðisfjarðarkaupstað og Vopnafjarðarhrepp

Þorbjörg Sandholt, Djúpavogshreppi og Ólafur Valgeirsson, Vopnafjarðarhreppi

Fram kom breytingartillaga: Aðalmaður verður

Raghildur Rós og Þórður Mar til vara. Ólafur

B. Valgeirsson aðalmaður og Þorbjörg Sandholt til vara.

Samþykkt samhljóða.

21.1.9 Minjaráð Austurlands – 2 fulltrúar

Lagt er til að stjórn SSA verði falið að tilnefna fulltrúa sveitarfélaga í Minjaráð Austurlands.

Samþykkt samhljóða.

21.1.10 Skólanefnd Hússtjórnarskólans á Hallormsstað

– 1 fulltrúi vegna óskar um að hætta

Lagt er til að stjórn SSA verði falið að setja sig í samband við ráðuneytið og eftir atvikum að tilnefna fulltrúa fyrir hönd sveitarfélaga í skólanefndina.

Ályktun um kjör í stjórnir og nefndir á vegum SSA

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 beinir því til stjórnar SSA og aðildarsveitarfélaga að fyrir næsta aðalfund verði kallað eftir tilnefningum á að minnsta kosti einum karli og einni konu til setu í þeim stjórnnum og nefndum sem kjörið verður í á fundinum. Kjörnefnd fái það hlutverk að fara yfir tilnefningar sveitarfélaga og gera endanlega tillögu til aðalfundar sem samræmist eðlilegum sjónarmiðum um jafnrétti kynjanna og skiptingu á milli sveitarfélaga.

Samþykkt samhljóða.

22. Fundarslit

Gauti Jóhannesson kvaddi sér hljóðs, þakkaði Vopnfirðingum viðurgjöfning allan og bauð Djúpavog sem vettvang aðalfundar SSA að ári. Boðið þakkað með lófaklappi.

Arnbjörg Sveinsdóttir þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og sérstaklega heimasveitarfélögum fyrir góða aðstöðu og starfsmönnum fundarins. Þá þakkaði hún fráfarandi stjórnarmönnum fyrir samstarfið og óskaði nýjum stjórnarmönnum til hamingju með kosninguna. Óskaði Arnbjörg fundarmönnum góðrar heimferðar.

Sleit Arnbjörg síðan 48. aðalfundi SSA kl. 13:50.

Samþykkt að fundarritari og fundarstjóri gangi sameiginlega frá fundargerð.

Fundarstjórar:

Stefán Már Gunnlaugsson

Ólafur B. Valgeirsson

Fundarritarar:

Magnús Már Þorvaldsson

Hrund Snorradóttir

Skýrsla stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) starfsárið 2014-2015

Til 49. aðalfundar SSA 2. – 3. október 2015

Aðalfundur 2014:

Á 48. aðalfundi SSA sem haldinn var á Vopnafirði dagana 19. og 20. september 2014 voru eftirtaldir kosnir í stjórn SSA starfsárið 2014-2015:

Aðalmenn:

Arnbjörg Sveinsdóttir
Gauti Jóhannesson
Gunnar Jónsson
Hákon Hansson
Jón Björn Hákonarson
Sigrún Blöndal
Stefán Grímur Rafnsson

Varamenn:

Margrét Guðjónsdóttir
Sóley Dögg Birgisdóttir
Jakob Sigurðsson
Svandís Ingólfssdóttir
Eydís Ásbjörnsdóttir
Gunnþórunn Ingólfssdóttir
Eyjólfur Sigurðsson

Á fyrsta fundi stjórnar var Sigrún Blöndal kjörin formaður, fyrsti varaformaður Jón Björn Hákonarson og annar varaformaður Gauti Jóhannesson. Eiga þau því samhlíða sæti í framkvæmdaráði stjórnar SSA.

Ein nefnd starfar á vegum SSA milli aðalfunda. Átta manna nefnd um samgöngumál þar sem fulltrúar koma frá öllum sveitarfélögum á Austurlandi. Finna má upplýsingar um fulltrúa í nefndinni ásamt samþykktum hennar inn á heimasíðu SSA – www.ssa.is.

Eins og komið hefur fram var aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði. Líkt og á fyrri fundum var fjallað um hin ýmsu mál sem snerta landshlutann í heild.

STJÓRNAR- OG FRAMKVÆMDARÁÐSFUNDIR

Á milli aðalfunda 2014-2015 sem skýrsla þessi tekur yfir og telst starfsár sambandsins voru haldnir alls 8 stjórnarfundir og 4 framkvæmdaráðsfundir. Fundirnir voru ýmist haldnir á Egilsstöðum eða Reyðarfirði, utan tveir sem haldnir voru í Breiðdalshreppi og á Seyðisfirði. – Auk þess hittist stjórnin á vinnufundi á Vopnafirði í tengslum við aðalfund. Starf stjórnar var hefðbundið og líkt og fyrri ár snerta verkefni stjórnarinnar flesta þætti austfirskis samfélgs.

Samþykktir aðalfundar tóku á þeim málum sem fulltrúar á fundinum telja mikilvæg landshlutanum þannig að gott mannlíf geti blómstrað með kröftugum fyrirtækjum.

Fundargerðir stjórnar og ályktanir aðalfundar sem og samþykktir samgöngunefndar má finna inn á heimasíðu SSA.

STARFSMANNAHALD Á SKRIFSTOFU

Austurbrú leigði skrifstofuaðstöðu af Djúpavogshreppi fyrir fulltrúa sveitarstjórnarmála sem vann að málefnum SSA í umboði framkvæmdarstjóra Austurbrúar. Í nóvember 2014

tók annar starfsmaður Austurbrúar við málefnum SSA og fluttist skrifstofa sambandsins þá til Egilsstaða. Bókhald SSA er unnið af fjármálasviði Austurbrúar og endurskoðunar-fyrirtækið Deloitte á Egilsstöðum sinnir skoðun reikninga. Skrifstofa SSA sinnir daglegum verkefnum á vegum sambandsins í samráði við stjórn SSA. Starfsemin er margþætt, má þar nefna umsagnir um frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi, vinna við sóknaráætlun landshluta, samskipti við önnur landshlutasamtök, samskipti við starfsmenn Stjórnarráðsins, sveitarstjórnarmenn á starfssvæði SSA, starfsmenn Austurbrúar og íbúa Austurlands, auk þess sem SSA heldur utan um rekstur almenningssamngangna á Austurlandi í samstarfi við Austurbrú.

SAMSKIPTI VIÐ ÞINGMENN

Samskipti við þingmenn kjördæmisins eru regluleg, bæði með formlegum og óformlegum hætti. Landshlutahlutasamtökin eru þannig byggð upp að samskipti milli kjörinna fulltrúa á Alþingi og stjórnarmanna sambandsins eru mjög regluleg. Þingmenn halda kjördæmafundi sem skipulagðir eru af fulltrúa sveitarstjórnarmála. Þar koma til fundar við þingmenn sveitarstjórnarfólk, framkvæmdastjórar helstu stofnana landshlutans og stjórnarmenn SSA. Formaður og fulltrúi sveitarstjórnarmála áttu fundi með ráðuneytum, ráðherrum, fjárlaganefnd, þingmönnum kjördæmisins og forsvarsmönnum hinna ýmsu stofnana þar sem farið var yfir samþykktir aðalfundar SSA og önnur þau mál sem stjórn SSA taldi mikilvægt að ræða við viðkomandi aðila.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samband íslenskra sveitarfélaga gengst fyrir fundum og ráðstefnum sem fulltrúar SSA sækja eftir því sem við á. Þó eru ákveðnar ráðstefnur sem fulltrúar sambandsins sækja árlega, s.s. fjármálaráðstefna og landsþing þau ár sem það er haldið. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur aukið þjónustu sína við sveitarfélögin jafnt og þétt og er þjónusta þess landshlutasamtökum mikilvæg.

LANDSHLUTASAMTÖK SVEITARFÉLAGA

Starf landshlutasamtaka sveitarfélaga byggir tilveru sína á ákvæði 97. gr. sveitarstjórnarlaga nr.138/2011 þar sem segir:

„Sveitarfélögum er heimilt að starfa saman innan staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna í hverjum landshluta. Starfssvæði landshlutasamtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu. Landshlutasamtök skulu þó aldrei vera fleiri en átta á landinu öllu. Sveitarfélög sem liggja innan starfs-

svæðis landshlutasamtaka eiga rétt á aðild að þeim. Ráðuneyti og opinberar stofnanir skulu ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi landshlutasamtaka um stefnumótun eða ákvarðanir sem varða viðkomandi landsvæði sérstaklega. Landshlutasamtök geta með samningum eða samkvæmt heimildum í sérlögum tekið að sér verkefni eða aðra starfsemi sem tengist hlutverki þeirra skv. 1. mgr., svo sem verkefni tengd byggðapróun eða öðrum sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga.“

Samskipti milli starfsmanna landshlutasamtakanna eru sífellt að aukast enda hefur verkefnum sem samtökin koma að fjölgað í gegnum árin. Þar má nefna almenningssamgöngur sem er mikið hagsmunamál fyrir landsbyggðina og mikilvægt að gæta hagsmuna landshlutasamtakanna gagnvart ríkisvaldinu bæði á fjárhagslegu sviði og lagalegu. Þá var á vegum stjórnvalda unnið að stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2014-2017 sem Alþingi samþykkti vorið 2014 sem og samgöngu- og fjarskiptaáætlun fyrir árin 2015-2026. Landshlutasamtök sveitarfélaga koma að þessari vinnu með mismunandi hætti.

Skipting fjármuna frá ríkisvaldinu til verkefna í landshlutanum er eitt af viðfangsefnum landshlutasamtakanna. Fulltrúar SSA hafa lagt ríka áherslu á að við skiptingu fjármagns sé tekið tillit til mismunandi aðstæðna landshlutanna, svo sem hvað varðar fjarlægð og þéttleika byggðar.

Haldnir eru þrjú reglulegir fundir um hin ýmsu mál; haustfundur, vorfundur og sumarfundur þar sem ákveðin mál eru tekin sérstaklega fyrir. Að þessu sinni var sumarfundurinn haldinn á vegum SSS á Reykjanesi. Formaður stjórnar SSA og verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sóttu fundinn.

HELSTU VERKEFNI SSA Á STARFSÁRINU

Samningur um sóknaráætlun

Stjórn SSA hefur átt fjölmarga fundi um nýjan samning um sóknaráætlun 2015-2019 en hann sameinar þrjú eldri samninga; samning um sóknaráætlun, menningarsamning og vaxtarsamning. Náði samstarf var við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál og önnur landshlutasamtök við undirbúning samningsins auk þess sem stjórn SSA átti bæði formleg og óformleg samskipti við viðkomandi ráðuneyti og þingmenn kjördæmisins um samninginn og skiptingu fjármagns honum tengt. Þá ber að þakka starfsmönnum Austurbrúar ómetanlegt samstarf við undirbúning samningsins. Í tengslum við nýjan samning um sóknaráætlun, var unnið að undirbúningi nýs Uppbyggingarsjóðs Austurlands, sóknaráætlun og áhersluverkefnum landshlutans.

Brotthættar byggðir

SSA á fulltrúa í verkefnisstjórn „Brothættra byggða“ sem fjallar um málefni Breiðdalshrepps. Verkefnið er leitt af Byggðastofnun. Reglulegir fundir voru haldnir í verkefnastjórninni auk þess sem starfsmenn Austurbrúar áttu nokkra fundi með ákveðnum hópum í Breiðdalshreppi til að fylgja eftir verkefnum sem urðu til á íbúafundum.

Samstarfsnefnd SSA

Á aðalfundi SSA 2014 var samþykkt að leggja samstarfsnefnd SSA niður.

Samgöngunefnd SSA

Samgöngunefnd heldur 2-6 fundi árlega. Á þeim fundum er farið yfir verkefni sem brýn eru í samgöngumálum. Þá er fundað með fulltrúum Vegagerðarinnar um þau verkefni sem á döfinni eru í landshlutanum.

Almenningssamgöngur á Austurlandi

Skipulag og rekstur almenningssamgangna á Austurlandi heyrir undir starfssviði SSA. Starfsmaður á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar Austurbrúar hefur séð um skipulag og útfærslu á verkefninu en í nóvember færðist verkefnið til verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála. Góðar almenningssamgöngur eru mikilvægur þáttur í eflingu byggðar, þar sem fólk getur ferðast milli staða/landshluta með heildstæðu skipulögðu kerfi. Ef svo mikilvægt verkefni á að vera á ábyrgð landshlutasamtakanna verður hið opinbera að tryggja lagaumhverfi sem og nauðsynlegt fjármagn þannig að hægt sé að koma á fót heildstæðu kerfi og rekstri almenningssamgangna um hinar dreifðari byggðir landsins.

Samskipti SSA og HAUST (Heilbrigðiseftirlits Austurlands)

Sveitarfélögin standa að rekstri byggðasamlags um rekstur HAUST og skipa í heilbrigðisnefnd. Ítarlega ársskýrslu HAUST fyrir starfsárið 2014, má nálgast á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands - www.haust.is.

Lokaorð

Samantekt þessi fjallar um nokkur þeirra fjölmörgu mál efna sem stjórn SSA kom að á starfsárinu. Verkefnum sambandsins fjölga og mun fyrirsjáanlega halda áfram að fjölga ef áætlanir hins opinbera um samninga um sóknaráætlanir ná fram að ganga. Alþingi samþykkti á vordögum 2015 frumvarp til laga um byggðaaætlun og sóknaráætlanir en markmið þeirra er „...að efla byggðapróun og auka samráð milli ráðuneyta á sviði byggðamála, innan hvers landshluta og milli stjórnarsýslustiga, jafnframt að færa til sveitarstjórna aukna ábyrgð á sviði byggða- og samfélagsþróunar“. Aukinni ábyrgð og fjölgun verkefna fylgir óhjákvæmilega aukin sérfræðivinna á ákveðnum sviðum sem veldur auknum kostnaði sem þá þarf að mæta með auknum álögum á sveitarfélögin. Það er því mikilvægt unnið verði að því af hálfu landshlutasamtakanna og ríkis hvaða sess landshlutasamtökin eigi að hafa til framtíðar í stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga. Allar nánari upplýsingar um verkefni SSA er að finna í fundargerðum stjórnar SSA og framkvæmdaráðs, sem finna má á heimasíðu SSA.

Ég vil að lokum þakka stjórn SSA, sveitarstjórnarmönnum á Austurland, starfsfólki Austurbrúar og öðru samstarfsfólki gott og gefandi samstarf á liðnu starfsári.

F.h. stjórnar SSA,
Sigrún Blöndal, formaður



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Ársreikningur

2014

Samband sveitarfélaga á Austurlandi
Bakka 3
765 Djúpvogur
kt. 560276-0289



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Ársreikningur

2014

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Áritun stjórnar, framkvæmdastjóra og skoðunamanna	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-11

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við ofangreint álit okkar vekjum við athygli á skýringu nr. 8 í ársreikningnum, en þar er gerð grein fyrir skaðabótakröfu vegna lögbanns, en vissa ríkir um endanlega niðurstöðu málsins.

Egilsstaðir, 22. september 2015

Deloitte ehf.



Sigurður Alfgeir Sigurðarson
endurskoðandi

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Austurlandi að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Austurlandi staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Seyðisfirði, 22. september 2015

Í stjórn


Björn Blöndal
Jón Þorsteinnsson
Frúbjörg Sveinsdóttir
Stefán Grímur Rafnsson
Hákon Hausson
Guanný Þorsteinsson
Gunnur Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri


Jóna H. Þorsteinsson

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2014. Við höfum ritað stjórn SSA erindi þar sem við höfum komið ákveðnum athugasemdum á framfæri er varða verkferla og innra eftirlit. Við leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Egilsstöðum, 16. september 2015


Gunnlaugur Guðjónsson


Þórunn Hálfðanardóttir

Rekstrarreikningur 2014

	Skýr	2014	Áætlun 2014	2013
TEKJUR				
Framlög sveitarfélaga.....		9.800.001	9.800.000	9.050.000
Framlög jöfnunarsjóðs.....		24.433.930	23.400.000	22.822.350
Framlög frá ríkinu vegna sóknaráætlunar.....	10	19.283.862	8.722.000	30.370.400
Framlög frá ríkinu vegna vaxtarsamnings.....	9	19.000.000	0	0
Aðrar tekjur.....	9	51.980.859	54.500.000	50.812.850
		<u>124.498.652</u>	<u>96.422.000</u>	<u>113.055.600</u>
REKSTRARKOSTNAÐUR				
Laun og launatengdur kostnaður.....	11	13.799.766	12.872.850	14.558.523
Annar stjórnunarkostnaður.....	12	8.375.874	8.699.000	10.101.571
Funda- og ferðakostnaður.....	13	7.749.856	6.900.000	7.404.693
Sérverkefni.....	14	82.741.157	60.278.180	67.451.264
		<u>112.666.653</u>	<u>88.750.030</u>	<u>99.516.051</u>
Afkoma fyrir vexti		11.831.999	7.671.970	13.539.549
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)				
Vaxtatekjur.....		473.192	500.000	505.979
Vaxtagjöld.....		-40.767	0	-54.913
		<u>432.425</u>	<u>500.000</u>	<u>451.066</u>
Afkoma af reglulegri starfsemi		12.264.424	8.171.970	13.990.615
AÐRIR REKSTRARLIÐIR				
(Hækkun) lífeyrisskuldbindingar.....		-1.603.165	-2.370.000	-2.844.908
		<u>-1.603.165</u>	<u>-2.370.000</u>	<u>-2.844.908</u>
Rekstrarafkoma á árinu		<u>10.661.259</u>	<u>5.801.970</u>	<u>11.145.707</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	Skýr	2014	2013
PENINGALEGAR EIGNIR			
Veltufjármunir			
Sveitarfélagið Hornafjörður.....	3	0	1.200.000
Krafa á Ríkissjóð vegna AST.....	7	2.000.000	4.000.000
Krafa vegna lögbanns.....	8	7.000.000	7.000.000
Skammtímakröfur.....	4	10.273.359	5.147.749
Handbært fé.....	4	40.801.635	30.645.117
		<u>60.074.994</u>	<u>47.992.866</u>
SKULDIR			
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur rekstrarkostnaður.....		-6.922.087	-7.104.383
		<u>-6.922.087</u>	<u>-7.104.383</u>
	Peningaleg staða án lífeyrisskuldbindinga	53.152.907	40.888.483
SKULDBINDINGAR:			
Lífeyrisskuldbindingar.....	6	-64.112.758	-62.509.593
		<u>-64.112.758</u>	<u>-62.509.593</u>
	Peningaleg staða samtals	<u>-10.959.851</u>	<u>-21.621.110</u>
AÐRIR LIÐIR			
Eiginfjárliðir (neikvæðir).....	5	10.959.851	21.621.110
		<u>10.959.851</u>	<u>21.621.110</u>

Yfirlit um sjóðstreymi 2014

	<u>2014</u>	<u>2013</u>
REKSTRARHREYFINGAR		
Afkoma af reglulegri starfsemi.....	12.264.424	13.990.615
Veltufé frá rekstri	12.264.424	13.990.615
Breytingar á skammtímalíðum		
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun.....	-1.925.610	3.869.225
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun.....	-182.296	2.453.823
Handbært fé frá rekstri	10.156.518	20.313.663
Hækkun handbærs fjár.....	10.156.518	20.313.663
Handbært fé í ársbyrjun.....	30.645.117	10.331.454
Handbært fé í lok ársins	<u>40.801.635</u>	<u>30.645.117</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) eru ein af átta landshlutasamtökum sveitarfélaga á Íslandi og starfa á grundvelli laga nr. 45/1998 um sveitarfélög. Starfssvæði SSA nær frá Vopnafjarðarhreppi í norðri til Djúpavogshrepps í suðri.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur SSA fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðisreikningsskilum, gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og í íslenskum krónum.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 er sýnd til samanburðar í sundurliðunum með ársreikningnum, svo og í rekstrarreikningi.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Skattamál

Stofnunin er undanþegin tekjuskatti.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði. Ekki er talin ástæða til sérstakrar niðurfærslu krafanna.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að stofnunin verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

3. Sveitarfélagið Hornafjörður

Í árslok 2008 gekk Sveitarfélagið Hornafjörður úr Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi. Hlutdeild þess sveitarfélags í neikvæðri hreinni eign sambandsins á útgöngudegi var metin kr. 3.685.837 og er samkomulag um fjárhæðina. Sveitarfélagið greiddi rúmlega tvo þriðju fjárhæðarinnar á árunum 2011 og 2012, og restina árið 2014.

Skýringar

4. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2014	31.12.2013
Skammtímakröfur		
Viðskiptakröfur	9.560.112	4.285.037
Virðisaukaskattur	713.247	862.712
	<u>10.273.359</u>	<u>5.147.749</u>
Handbært fé		
Vaxtareikningur Landsbanka Íslands	8.907.520	12.562.687
Veltureikningar	31.894.115	18.082.430
	<u>40.801.635</u>	<u>30.645.117</u>

5. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

	2014	2013
Eigið fé frá fyrra ári.....	-21.621.110	-32.766.817
Afkoma ársins.....	10.661.259	11.145.707
	<u>-10.959.851</u>	<u>-21.621.110</u>

6. Lífeyrisskuldbindingar

Á SSA hvílir skuldbinding vegna lífeyrisgreiðslna til fyrrverandi starfsmanna. Gerð hefur verið tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingunni. Samkvæmt þeim útreikningi nemur hún 64,1 m.kr. króna í árslok 2014, og hefur hækkað um 1,6 m.kr. á árinu. Skuldbindingin er færð í ársreikninginn og hækkan hennar gjaldfærð meðal annarra rekstrarliða í rekstrarreikningi. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga á árinu 2014 námu kr. 2.816.147, en kr. 3.032.532 á fyrra ári.

7. Austfirskar stoðstofnanir

Þann 8. maí 2012 var haldinn stofnfundur Austurbrúar, þar sameinuðust Þróunarfélag Austurlands, Þekkingarnet Austurlands, Menningarráð Austurlands og Markaðsráð Austurlands. Stofnaðilar Austurbrúar eru átta sveitarfélög á Austurlandi auk 24 stofnana sem starfa á landsvísu. Tilgangur Austurbrúar er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og leitast þannig við að veita þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Starfsmenn Austurbrúar sinna verkefnum og rekstri sem tengjast SSA. Við stofnun Austurbrúar lagði SSA út fyrir ákveðnum kostnaði vegna þessa. Samkvæmt samantekt KPMG endurskoðunar nam heildarkostnaður við verkefnið um 26,4 milljónum króna, þar af er hlutur SSA um 20,7 milljónir króna. SSA fékk styrk frá Mennta- og menningamálaráðuneytinu að upphæð 12,0 milljónir króna til þess að mæta stofnkostnaði við Austurbrú. Samkvæmt samningi við ráðuneytið greiðist styrkurinn með fimm greiðslum og í lok ársins 2014 er óinnheimtar 2,0 milljónir króna af styrknum.

Skýringar

8. Skaðabótakrafa vegna lögbanns

18. júlí 2012 fór SSA fram á lögbann vegna reglubundinna fólksflutninga Sternu á leiðinni milli Hafnar og Egilsstaða, þar sem SSA telur sig hafa sérleyfi á þessari leið. Lögbanninu var hnekktt með dómi héraðsdóms 6. maí 2013. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar og úrskurðaði hann þann 28. nóvember 2013 Sternu í vil. SSA var dæmt til þess að greiða Sternu 0,5 millj. í málskostnað. Sterna hefur höfðað skaðabótamál gegn SSA, krafist er skaðabóta upp á ríflega 475 millj. Dómshvatur matsmaður er að störfum og er áætlað að hann skila af sér mati í september. SSA hefur stefnt Vegagerðinni inni málið. Óvissa er um hvernær þessum málaferlum ljúki og einnig ríkir óvissa um endanlega niðurstöðu þessa máls, en þær 7 milljónir sem SSA greiddi sem tryggingu fyrir hugsanlegu tjóni Sternu eru enn færðar meðal eigna í ársreikningi SSA og ekkert hefur verið fært til gjalda til að mæta hugsanlegu tjóni.

Sundurliðanir

	2014	Áætlun 2014	2013
9. Aðrar tekjur og framlög			
Framlög v/ AST.....	0	4.000.000	0
Framlög Ríkisins vegna vaxtarsamnings.....	19.000.000	0	0
Framlög v/ almenningsamgangna.....	51.980.859	50.500.000	50.812.850
	<u>70.980.859</u>	<u>54.500.000</u>	<u>50.812.850</u>
10. Aðrar tekjur og framlög			
Framlög vegna sóknaráætlunar 2014 - verkefni.....	8.722.000	8.722.000	30.370.400
Framlög vegna sóknaráætlunar 2014 - umsýsla	3.469.262	0	0
Framlög vegna sóknaráætlunar 2013 - verkefni.....	7.092.600	0	0
	<u>19.283.862</u>	<u>8.722.000</u>	<u>30.370.400</u>
11. Laun og launatengdur kostnaður			
Laun og tengd gjöld v/AST	8.141.865	9.200.000	7.846.231
Laun vegna almenningsamgangna.....	1.724.594	0	2.520.250
Laun stjórnar, formanns og nefnda.....	3.073.405	3.000.000	3.196.064
Mótframlag til lífeyrissjóða.....	361.279	262.500	418.370
Starfsmannatryggingar og stéttarfélagsgjöld.....	19.224	25.000	24.311
Tryggingagjald.....	479.399	385.350	548.797
Námskeið	0	0	4.500
	<u>13.799.766</u>	<u>12.872.850</u>	<u>14.558.523</u>
12. Annar stjórnunarkostnaður			
Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga.....	2.816.147	2.519.000	3.032.532
Þjónustusamningur við Austurbrú.....	1.912.322	2.300.000	2.433.641
Húsnæðiskostnaður.....	15.956	480.000	3.225
Póstur, burðargjöld, sími.....	55.498	180.000	16.188
Endurskoðun og reikningsskil.....	1.314.355	500.000	1.280.035
Lögfræði- og málskostn. v/almenningsamgangna.....	1.372.800	0	2.460.748
Aðkeypt tölvuþjónusta.....	28.301	0	46.566
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	109.896	2.000.000	108.678
Aðkeypt sérfræðiþjónusta vegna AST.....	0	0	122.400
Pappír, prentun og ritföng.....	126.627	120.000	101.054
Tímarit og fræðibækur.....	43.074	20.000	27.740
Viðhald.....	0	0	142.020
Ýmsir styrkir.....	360.000	50.000	230.000
Gjafir vegna afmæla o.fl.	0	100.000	22.960
Auglýsingar.....	204.357	360.000	66.264
Þjónustugjöld banka.....	2.595	20.000	7.520
Annað.....	13.946	50.000	0
	<u>8.375.874</u>	<u>8.699.000</u>	<u>10.101.571</u>

Sundurliðanir

	2014	Áætlun 2014	2013
13. Funda- og ferðakostnaður			
Akstur framkvæmdastjóra og skrifstofufólks.....	835.200	1.500.000	1.045.350
Aðalfundur.....	2.511.584	2.000.000	2.063.826
Stjórnarfundir.....	174.463	400.000	413.548
Dagpeningar.....	530.200	200.000	529.680
Akstur vegna stjórnarfunda.....	1.301.752	1.200.000	1.199.975
Annar ferða- og fundakostnaður.....	2.165.120	1.000.000	2.032.745
Samstarf landshlutasamtaka.....	158.400	300.000	0
Ráðstefnur o.fl.....	73.137	300.000	119.569
	<u>7.749.856</u>	<u>6.900.000</u>	<u>7.404.693</u>
14. Sérverkefni			
Sóknaráætlun	8.722.000	8.722.000	31.418.455
Sóknaráætlun umsýsla.....	874.229	0	0
Sóknaráætlun 2013 verkefni	6.483.800	0	0
Framlög v / almenningssamgangna.....	44.225.942	50.656.180	35.775.809
Framlög v / almenningssamgangna 2013.....	3.136.768	0	0
Vaxtarsamningur.....	19.000.000	0	0
Ljósmyndasafn Austurlands.....	0	400.000	0
Menningarverðlaun SSA.....	250.000	250.000	250.000
Ferðamálasamtök Austurlands.....	0	250.000	0
	<u>82.741.157</u>	<u>60.278.180</u>	<u>67.451.264</u>





